

Þorbjörn Ásgeirsson

Myrkraríkið

Þorbjörn Ásgeirsson

Myrkraríkið

LÍFEINDAÚTGÁFAN

Lífeindaútgáfan

© 2023

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
höfundar og útgefanda.

FYRSTA BÓK

INNGANGUR

Margir vísindamenn eru farnir að tala um þann möguleika samkvæmt rannsóknum að heimur okkar sé aðeins einn af óendanlega mörgum fjölheimum í veröldinni. Og þeir telja einnig að sumir fjölheimar tengist okkar fjölheimi og einhverjir þeirra séu byggðir nákvæmlega eins og okkar jörð, og að fólkíð upplifi nákvæmlega sömu viðburðina á sama tíma á undan eða á eftir okkur, en sumir eru okkur framandlegir.

Það sem fer hér á eftir verður byggt á þeirri kenningu að líkur sæki líkan heim eftir lát mannsins, það merkir að hinn látni flyst við dauða sinn yfir á aðra jörð langt út í veröld þar sem hann á heima samkvæmt lífernri sínu á frumlífsjörðu sinni. Hér segir einnig að þó að manneskja sem flyst eftir dauða sinn frá öðrum frumlífsjörðum en þeirri jörð sem við búum á (Tellus), muni hún samt sem áður flytjast yfir á sömu framlífsjörðu og við ef hún á sömu eða svipuð uppvaxtarár og hefur lifað með svipuðum hætti. Þá er einnig líklegt að þau fjölmörgu tungumál sem töluð eru á hnettinum séu einnig töluð í þeim fjölheimum sem við tengjumst. Þess vegna munu persónur í þessari sögu eiga auðvelt með að geta tjáð sig í það minnsta á einu því tungumáli sem ríkir á þeirri frumlífsjörðu sem þær kom frá.

Í hundruða ljósára fjarlægð frá vetrarbraut okkar er heljarstór gormlaga vetrarbraut sem inniheldur 340.000 sólkerfi. En í einum fjórða hluta vetrarbrautarinnar er ákveðið sólkerfi þar sem sex hnettir snúast um sólu og fimmti hnötturinn er álíka stór og vor jörð (Tellus) og hún er eina jörðin í þessari vetrarbraut sem líf gat kviknað á og þróuðust þar ýmsar lífverur sem við þekkjum, þar á meðal maðurinn.

Á þessari jörðu ríkir helstefna. Allir sem flytjast yfir í þetta myrkraríki við dauða sinn eru morðingjar, illvirkjar, einstaklingshyggjumenn og ómenni af ýmsu tagi frá ýmsum frumlífsjörðum úr víðri veröld og með ýmis konar litarhaft, þeir hafa flust eftir dauða sinn, vegna þessara illverka sinna, yfir á þessa fögru jörð. Þannig hefur það gengið fyrir sig í gegnum þúsundir alda. Sumir hverjir hafa gist þarna í margar aldir en sumir mun

skemur og aðrir aðeins í nokkrar vikur. Það fer allt eftir því hversu fljótt maðurinn er að átta sig til að betrubæta sig. Þá flyst hann yfir á betri jörð en því miður, í sumum tilfellum, verða menn enn verri manneskjur í þessu myrkraríki og við dauða sinn mun hann mynda sig á annarri mun verri jörðu þar sem hryllingurinn getur verið svo slæmur að maðurinn á erfitt með að ímynda sér að svo skelfileg jörð sé til. En sem betur fer kemur alltaf að því fyrr en seinna að maðurinn áttar sig og breytir um stefnu og leitar að lokum í lífsstefnuátt, hversu langt sem fallið hefur orðið.

Orkumögnunin er mikil á þessari jörðu, þó morðfýsnin, illskan, eigingirnin, afbrýðisemin og græðgin ráði þar ríkjum hjá allflestum. En þarna eru eftir sem áður margar ágætis manneskjur sem hafa flust yfir á þennan hnött vegna illsku sinnar, en eru búnar að átta sig og verða betri manneskjur. Á þessari jörðu fæðast börn eins og gerist annars staðar og sum þeirra halda sig innan siðferðislegra marka miðað við aðstæður en þau verða oftlega, gegn vilja sínum, að framkvæma ýmis ljót verk. Þess vegna er erfitt að vera góður á slíkri jörðu og einnig erfitt að deyja á henni til að flytjast yfir á aðra jörðu vegna þess að lífsorkan þarna er svo geysimögnuð að hún heldur í líf mannsins svo lengi sem hún framast getur vegna hugsunarháttar og lífennis manna á þessari jörðu.

Dauðinn er í raun aðeins stigsmunur við hamfarir vegna þess að þegar maðurinn fer hamförum þá leysist líkaminn upp í loftkennt efni og myndar sig á öðrum stað eftir mynstri lífeindanna úr efni jarðar. Það sama gerist að sjálfsögðu eftir dauðann, því sálin heldur ávallt sínum eiginleikum þó maðurinn deyi, í staðinn fyrir að leysast upp eins og í hamförum þá yfirgefur sálin líkið og myndar nýjan líkama á annarri jörðu.

Það gerist oftlega að betri verur koma með hamförum frá lífsstefnu-jörðu í þetta myrkraríki og ílendast þar einhvern tíma til að aðstoða manneskjur sem hafa bætt sig til að komast úr þessu víti, en því miður kemur það einstöku sinnum fyrir að þessir góðu menn falla í freistni í skemmri eða lengri tíma og komast ekki þaðan fyrr en þeir hafa bætt sig aftur.

Í þessu myrkraríki hafa verið ýmist einn eða tveir keisarar sem ríkjá á þessari jörðu og þegar ríkin eru tvö nefnast þau Austurríki og Vesturríki. Í dag eru þar tveir keisarar, það eru þau Ferres Ramirezi keisari sem náði völdum yfir Austurríki fyrir rúmum fimm hundruð árum og Hrímgærður Bellami sem hefur verið ráðandi keisari yfir Vesturríki í

rúm fjögur hundruð ár. Þegar hún náði Vesturríki á sitt vald var það ekki nema einn þriðji hluti af þessu myrkraríki en Ramirezi keisari hafði stærri hlutann undir sinni stjórn. Hríngerður keisari var ekki ánægð með slíkt hlutfall frá því að hún náði Vesturríkinu undir sig og að lokum sætti hún sig ekki við slíka hneisu. Dag einn eftir tíu ára undirbúning taldi hún sig hafa það öflugan, magnaðan, vel þjálfaðan og tæknivæddan her að hún gæti lagt undir sig góða sneið af Austurríki og jafnvel öllu ríkinu, frá þeim degi hófst styrjöldina gegn Ramirezi keisara. En að lokum, eftir níu ára styrjöld náði hún þessum eina þriðja hluta sem á vantað til jafnræðis. Næstu tvö árin stóð allt í járnum og jörðin var nánast í rúst svo að lokum sömdu þau um að jörðinni yrði skipt í tvo jafna hluti sem hvor um sig ríkti yfir í friði fyrir hinum.

Hríngerður keisari var ekki mikils metin fyrst eftir að hún fluttist yfir á þessa jörð frá frumlífsjörðu sinni, frekar en allir aðrir sem þangað komu. Hún byrjaði sem óbreyttur hermaður í liði fyrrum keisara og var síðan öðluð af honum. Fimmtíu árum síðar náði hún völdum í sínar hendur með aðstoð stuðningsmanna sinna og gerði sig að keisara yfir Vesturríki. Aðalástæðan fyrir sigri hennar var hversu óvinsæll fyrrum keisari hafði verið og ekki síður vegna stjórnunarhæfileika hennar, kænsku og vopnfimi og hversu geysimögnuð hún er bæði á andlega og líkamlega sviðinu. Hún á enn marga tryggja stuðningsmenn innan aðalsins því hún hefur staðið við öll sín loforð sem hún gaf stuðningsmönnum sínum fyrir uppreisnina en aðrir þjóðfélagsþegnar eru aðeins vinnukraftar og matungar.

Þau sem eru flutt í fangaklefa eru yfirleitt aldrei lengur þar en tuttugu ár. Einstöku sinnum er einn og einn fangi sóttur með hamförum af góðu fólki frá betri heimi, þar sem þau hafa áttað sig og betrumbætt innan veggja fangelsis, eins og þau gera við aðra jarðarbúa sem hafa betrumbætt sig en þurfa á hjálp að halda til að flytjast yfir á aðra og betri jörð. En þegar ráðamenn sleppa föngunum verða þau næstum án undantekninga þrælslegri og hlýðnari og því betri vinnukraftur en áður. Því þangað vilja þeir ekki fara aftur hvað sem tautar. En það furðulega gerist að allir fangaverðir í öllum fangahúsum eiga að sjá til þess að allir fangarnir fái ávallt nægilegan svefn og næringu sem þau þarfnast og sérstaklega eftir að viðkomandi ráðamaður hefur dregið það mikla lífsorku frá ákveðnum hluta af föngunum í það sinnið að þeir standa varla uppréttir. En það er gert í þeim eina tilgangi

að ráðamaður fái endurnýtanlega lífsorkulind frá föngum sínum sem þarna eru, en þau fá enga afþreyingu.

Öll börn tiginna manna og lágstéttanna verða að ganga í skóla frá fimm ára til sextán ára aldurs, jafnhliða því að þjálfar sig í bardagalist en börn tiginna manna mega bera sverð sér við hlið þegar þau hafa náð átján ára aldri. Engir aðrir mega ganga með vopn en þau mega verja sig og heimili sitt. Þeir sem fá að fara í háskóla eru afburðanemendur, hvort sem þau eru aðalsmenn eða úr lágstéttinni en það nám verður að þóknast keisaranum og þá er sjálfvalið hvort þau þjálfuðu sig í bardagalistinni eftir sextán ára aldur. En hinir sem tilheyrir aðlinum og eru sextán ára gamlir, en hafa ekki möguleika eða vilja til að fara menntavegin, stunda þá í staðin þjálfun í líkamsrækt, hugarmögnun og vopnfimi og þeim er kennt að vera grimm óvægin og hugsa einungis um að sigra með hvaða bolabrögðum sem er þegar þau eru að þjálfar sig. Við átján ára aldur eru mörg af þeim skráð í herinn.

Á sex ára fresti eru kappleikir í alhliða vopnfimi og stenda yfir í hálfan mánuð, allir innan átján ára mega bjóða sig fram. Þessir leikar eru gerðir einungis til að Hríngerður og hennar ráðamenn á hverju umráðasvæði fyrir sig geti fundið alla færustu menn í vopnfimi svo hún get strax eða síðar sent þeim herkvaðningu þegar á þarf að halda en einnig eru leikarnir gerðir til að gerir þegnana ánægðari. En það eru sjálfsagt margir sem tilheyra almenningi og hafa mikla hæfileika að handleika vopn en hafa engan áhuga á að sýna færni sína opinberlega og mæta því aðeins sem áhorfendur til að útiloka að þeir fái herkvaðningu.

Eins og áður er getið er orkumögnun jarðarinnar og meðal manna á þessari framlífsjörðu ótrúlega mögnuð og skynnæmnin mikil, einmitt vegna þessa verða allir menn sem flytjast yfir í þetta myrkraríki eins ófríðir og sál þeirra er svört. En börn þeirra sem fæðast á þessari jörðu verða oftlega mjög glæsileg og fríð sýnum þar sem genin segja til um það. En það er nokkuð algengt að eitthvað breytist til hins verra vegna þess að þegar barnið vex og þroskar huga sinn í hatri og grimmd til allra kemur það oftlega fram í andlitsfalli og atferli þeirra. Þessi mikla sameiginlega orkumögnun manna er að sjálfsögðu mismikil og þeir hafa mismikla stjórn á henni eins og öðrum hæfileikum, en einstakir menn geta farið hamförum og hafa fulla stjórn á því og eru því eftirsóttir af keisurunum.

Þegar framangreint stríð hófst hafði framförum í tæknibúnaði fleytt svo mikið fram í flestum greinum og sérlega í vopnabúnaði að stríðsmenn þeirra nær rústuðu báðum ríkjunum og að lokum eyðilögðu með hernaði hvor fyrir öðrum allt sem var tæknivætt og voru nánast að nálgast steinaldarstigið.

Hrímgerður, keisari Vesturríkis og Ferres Ramirezi, keisari Austurríkis sáu sig þá um hönd og gerðu samkomulag sín á milli þar sem þetta gæti ekki gengið lengur með þessum hætti. Án mikilla samningavandræða sömdu þau sín á milli um að öll framúrstefnuvopn yrðu bönnuð, einu tæknilegu vopnin ættu að vera fallbyssur, sprengikúlur og handsprengur og þau ákváðu jafnframt sprengikraftinn. Að öðru leyti yrðu einungis gömlu handvopnin notuð eins tæknileg og mögulegt yrði að framleiða þau, þar á meðal ýmsar tegundir af lásabogum, bogum og örvum, kordum, léttum sverðum, þungum breiðsverðum, atgeirum, öxum og öllum öðrum líkum vopnum. Þessi samningur, þó ótrúlegt sé, hefur staðist tímans tönn.

En það sem var á fræðilegum grunni og gaf af sér góðar tekjur til keisaranna var leyft, meðal annars rafkerfi, vatnsveita, tölvutækni, tengdir símar ásamt gsm-símum voru leyfðir, aðrar tegundir af símum mátti ekki framleiða. En það voru aðeins aðalsmenn og þeir sem luku háskólaprófum sem fengu að læra á tölvur og þær yrðu í eign keisarans, eins og allt annað, og vaktarar mundu yfirfara hverja tölvu með vissu millibili en aldrei sami vaktarinn nema einu sinn á sama stað. Almennungi bar skylda til að ganga ávallt með gsm-símann á sér en gat aðeins hringt í eitt númer sem var símsstöð keisarans í hverri sýslu, þar voru málin afgreidd til réttu aðila.

Heitt vatn og kalt ásamt rafkerfi var leitt í hvert hús hjá aðalsmönnum og í öll fyrirtæki en hjá bændum aðeins í þau útihús sem nauðsyn krafði til að auka tekjur fyrir keisarann, eins og fyrir mjaltavélar og allir óþarfir hlutir sem keisarinn taldi vera voru ekki leyfðir. En allt sem var véltækt sem tilheyrði iðnaðinum og var fest við gólf var leyft en hreyfivélar voru bannaðar, að dráttarvélum undateknum, og sumar þeirra voru útbúnar til farþegaflutninga fyrir aðalinn og millistéttina. Keisararnir veltu í fyrstu vöngum yfir að leyfa farþegaflugvélar fyrir keisarana, aðalsmenn og millistéttina en þeir sáu fljótt, vegna vantraust til hvors annars, að þar gætu leynst skæðar sprengjur sem sprengdi í loft upp

keisarahallirnar með manni og mús. Þá tóku þau þá ákvörðum að öll loftför væru bönnuð en allt það sem sigldi á sjó og vatni mátti drífa með vélum var leyft.

Allir sem hafa náð átján ára aldri verða að mæta stundvíslega ef þeir eru kallaðir í herinn. Það er fátítt að ófriður sé á milli hreppa, sýslna, borga og einstakra landa en þegar það gerist þá er uppreisnin barinn niður, svo lengi sem keisarinn hefur völdin og forystumenn uppreisnarinnar eru sendir umsvifalaust í fangelsi ef þeim tekst ekki að flýja til skóga. Allar iðnaðarvörur sem er framleiddar eru í þessu myrkraríki eru eins fullkomnar að gæðum eins og við þekkjum hann á vorri jörð, eins og nýjustu gerðir af dráttarvélum, kerrum eða vögnum af ýmsum gerðum sem eru á dekkjum og allar kyrrstæðar vélar, að öðru leyti eru hestar notaðir til margra hluta. Allir helstu vegir eru malbikaðir þar sem keisarinn fer um og her hans og einnig þar sem nauðsynjavörur eru fluttar eftir. Stórmenntaðir menn hafa oftlega flust til þessarar jarðar og margir þeirra hafa kennt börnum sínum og barnabörnum það sem þau kunna í þeirri von að þau gætu síðar meir notað menntun sína og kennt börnum og barnabörnum í þeirri vona að einhvern tímann síðar gætu þau eða afkomendur þeirra notið þeirrar menntunar.

1. KAFLI

Fyrir rétt tæpum tvö hundruð og sextíu árum bjuggu hjónin Grant Esteban og frú hans Lael Esteban á jörðinni Ásgarði í Suðurhreppi í Jökulsársýslu. Einn daginn lá Lael á sóttarsæng og fæddi son sem var gefið nafni Markús Esteban en hann er í raun stjúpsonur Grant Esteban en launsonur og elstur af börnum Randall Turkey hertoga og þriggja stjórnun hershöfðingja, hann hefur umráð yfir tíu þúsund hermönnum sem deilast niður í eitt þúsund manna herflokka og í hverju herliði eru tvö hundruð hermenn, í hverri sveit tuttugu hermenn, bækistöð þessa hers er vestan við Keisaraborgina.

Randall hertogi hefur ávallt verið varkár með kynlíf sitt utan hjónabands því ekki er talið æskilegt innan aðalsins að eignast barn utan hjónabands. Það hefur oftlega valdið vandræðum þegar barnið er orðið fullþroska og verður kannski yfirburðamaður í vopnaburði og herkænsku og jafnvel með hatur og hefnd í huga til föður síns ef hann kemst að sínum rétta uppruna.

Hertoginn hafði fullan rétt til að taka barnið til sín og ala það upp sem tilvonandi erfingja sinn, en það gerði hann ekki, kannski var ástæðan sú að eiginkona Turkey átti einnig son nokkrum mánuðum eftir fæðingu Markúsar sem var gefið nafnið Lenister Turkey en einu ári síðar áttu Turkey hjónin stúlkubarn sem var gefið nafnið Catelyn Turkey.

Markús ólst upp sem bóndasonur og vissi ekki betur en að hann væri sonur Grants Esteban. Þegar Markús var fimmtán ára gamall sagði móðir hans honum að hann væri launsonur Randal Turkey hertoga. Frá þeim degi fór hann að hata blóðföður sinn og hét sjálfum sér því að ná sínum rétti í þjóðfélaginu. Eina leiðin sem hann sá til þess var að láta skrá sig í herinn þegar hann yrði átján ára og vinna sig síðan upp valdastigann innan hersinn. Frá þessum degi og þegar tækifæri bauðst fór hann að fylgjast með hálf systkinum sínum.

Frá sextán ára aldri komu í ljós forystuhæfileikar hans og hæfni í vopnaviðskiptum, hann safnaði í kringum sig hópi vaskra skólafélaga sem hann stjórnaði eins og liðsforingi. Félagarnir báru traust til hans því hann stóð ávallt við orð sín, hafði stjórn á skapinu, var

sérlega ákveðinn, einstökum gáfum gæddur og skynnæmur með afbrigðum en hann var illgjarn við þá sem sviku hann. Strax átján ára gamall lét hann skrá sig í herinn og var skráður í 75 herlið og 15 sveit, hann mætti daginn eftir í herbúðirnar.

Það tók Randal hershöfðingi ekki langan tíma að sjá það í hendi sinni, eins og margur annar, að Markús mundi ná langt innan hersins og hann gæti því orðið honum skeinuhættur ef hann stöðvaði ekki þennan pilt tímanlega. Þremur árum síðar kom enn betur í ljós hversu hæfur hermaður hann var á flestum sviðum og ekki síður hversu hugarafl hans var kröftugt. Tuttugu og fjöggra ára var hann orðin liðsforingi yfir sínum herflokki og liðsmenn hans voru eins ánægðir undir hans stjórn eins og mögulegt er innan um alla þá mörgu ribbalda sem voru í liði hans, enda var hann einstaklega hugmyndaríkur og kænn stjórnandi og var sanngjarn við hermenn sína, hlustaði á tillögur foringja sinna, mat þær og tók þá ákvörðun. En það vantaði mikið upp á að Markús væri góðmenni. Tuttugu og átta ár gamall var Markús enn liðsforingi og var ekki sáttur með það, í tvígang var gengið framhjá honum þegar skipað var í stöðu fyrsta undirofursta, þó hann væri mun hæfari í bæði skiptin.

Dag einn strax eftir hádegi var Markús nýkominn á skrifstofu sína þegar Cersei Mandon, þriggja stjörnu ofursti og yfirmaður hans hringdi og bað hann að koma og ræða við sig. Hann gekk út af skrifstofu sinni inn ganginn framhjá tveimur herbergjum og bankaði á þriðju dyrnar til vinstri, hann opnaði dyrnar þegar ofurstinn bauð honum inn. Markús gekk að skrifborðinu og heilsaði með hermannakveðju. „Fáðu þér sæti,“ sagði Mandon og benti honum að setjast gegnt sér við skrifborðið, sem Markús gerði. Hann þurfti að bíða litla sund á meðan Cersei athafnaði sig við skýrslu sem hann hafði fyrir framan sig. Að því loknu leit hann upp og sagði: „Þú manst örugglega eftir því þegar liðsforinginn Mariana Poston í 50. herliði, 10. sveit og undirforingi hennar, Tions Frey að nafni struku úr hernum fyrir rúmum tveimur árum, þau hafa ekki fundist síðan. Það er búið að senda fleiri leitarflokka langt inn í óbyggðir og við höfum einnig nokkra njósnara innan ræningjahópanna sem hafa safnað sér saman gegnum árin í villtum og þéttum skóginum og lifa á því að stunda veiðipjófnað. Randall Turkey hershöfðingi er ekki þar hrifin þegar menn leggja á flóttu frá herdeild hans og hann sættir sig ekki við þann möguleika að þau finnist ekki. Turkey hertogi hringdi í mig og sagði að hann vildi senda einn leitarflokk enn til leitar með tíu manna lið. Ég valdi þig til þessa verks því þú ert sérlega fundvís maður.

Þú velur tíu menn úr þínum herflokki og leggur af stað klukkan sex í fyrramálið. Þú átt að gefa þér góða tíma til leitar og finndu þetta strokufólk.“

Markús vissi vel hvaða fólk þetta var, hann hafði oft séð þau í klúbbum sem hann stundað í frítíma sínum þegar þannig stóð á og hann hafði tekið eftir því hvernig ást þeirra hafði þróast síðustu tvö árin áður en þau flúðu. Hann vissi einnig að menn úr lágstéttinni og ekki síður úr hástéttinni, þó í munn minna mæli væri, höfðu strokið út í villtan skóginn, sumir af þeim höfðu náðst en aðrir höfðu myndað hópa og stunduðu veiðipjófnað. En það var ekki venjan að senda leitarflokk langt inn í villtan skóginn, því þar lágu í leyni fyrir þeim skógarmenn í þéttum skóginum og feldu oftlega marga hermenn því þarna var ómögulegt að beita her að nokkru viti. Þess vegna spurði hann: „Hvers vegna er haft svona mikið fyrir því að leita að þessu pari?“ „Það er mál sem þér kemur ekki við,“ sagði ofurstinn snubbótt og bent honum með handahreyfingu að samtalinu væri lokið, en Markús taldi sig vita ástæðuna. Turkey hefði ekki sætt sig við Tions Frey sem tengdason og hann hefði hóttað henni að ef hún tæki hann sem eiginmann þá mundi hann fá mann til að drepa Frey. Þá hefðu þau tekið þann kost að flýja sem hertoginn bjóst ekki við. Markús stóð upp úr stólnum og sagði: „Ég legg af stað í bítið fyrramálið,“ og kvaddi.

Mariana Poston er fögur kona með herðasítt brúnt hár en hún hafði litaði hár sitt svart daginn áður en hún lét skrá sig í herinn, níttján ára gömul. Þar var hún send til hárskera og steig þaðan út með drengjakoll. Hún var ráðin sem óbreyttur hermaður en tuttugu og sex ára gömul hafði hún unnið sig upp í liðsforingjastöðu og stjórnaði liði sínu með svipuðum hætti og Markús. Hún hafði fylgst með honum gegnum árin þegar hún komst að því hve mikill afburða maður hann var í vopnaviðskiptum og vegna stjórnunaraðferða hans og hún heillaðist einnig af manninum og hafði hann sem fyrirmynd þegar hún fékk liðsforingjatign.

Fyrir rúmum þremur árum og ári áður en samband Mariana hófst við Tions Frey varð hún oftlega að verjast ágangi hermanna úr ýmsum greinum hersins sem vildu komast yfir hana, eins og algengt er í þessu myrkraríki. Oftast dugði að beita kjarnyrtaum orðum með fyrirlitningasvip, en stundum varð hún að verja sig með sverðinu og beitti því án

miskunnar á viðkomandi menn, í öll skiptin hrökkluðust þeir burt frá henni særðir og með skömm í hatti.

Eitt sunnudagskvöldið þegar Mariana var ekki á vakt var hún að koma frá vinkonu sinni og var á leiðinni heim, sem er í einu af úthverfum Keisaraborgar. Þá birtust skyndilega tveir óbreyttir hermenn með sverð á lofti, sem hún hafði áður hrakið burt í sárum, sinn hverju lagi. Meiningin hjá þeim var að afvopna hana, því þeir vissu hversu fær hún var að beita sverði, og fara síðan með hana á afvikin stað og nauðga henni. Hún dró eldsnöggt sverð sitt úr slíðri og varðist þeim góða stund en sá að lokum að hún var að fara halloka fyrir þessum hundingjum. Þá hrópaði hún á hjálp þó hún væri nánast viss um að engin mundi lyfta hendi henni til hjálpar, nema þá kannski í eigingjörnum tilgangi.

Oftar en ekki, þegar neyðin er mest þá er hjálpin næst. Markús var að járna glæsilegan gráan gæðing á bak við húsið sem hann bjó í þegar hann heyrði kvenmannsrödd hrópa á hjálp. Þá hljóp hann strax af stað fyrir hornið á heimili sínu og dró sverðið úr slíðri þegar hann kom á staðinn og þá sá hann strax hver þetta var og sá einnig að hann mátti ekki seinni vera. Markús hljóp aftan að öðrum þeirra og hjó í hægri í upphandlegg hans og særði hann nægilega mikið svo hann missti sverðið og þá forðaði hann sér í burtu og skildi sverðið eftir. Þá leit hinn ósjálfrátt í átt að þessum óvænta óvini sem hann sá út undan sér, þá hjó Mariana hermanninn grunnt í brjóstið og lét hann þá sig einnig hverfa á eftir vopnabróður sínum.

Mariana var uppgefinn en lyfti þó sverðinu á móti Markúsi og var tilbúin að verjast honum því að hún taldi hann ætla sér sig eina, því hún vissi hvernig flestir karlmenn voru en taldi sig geta varist einum manni. En þá sá hún hver hjálparmaður hennar var um leið og hann sagði brosandí: „Ertu ekki búin að berjast nóg í dag?“ Síðan sneri hann baki í hana og gekk í burt, þá kallaði hún: „Markús, leyfðu mér að þakka þér fyrir.“

Eftir þetta urðu þau góðkunningjar og hittust oft í klúbbum og ræddu saman. Eftir nokkurra vikna kynningu fann hún sterka tengingu á milli þeirra og fannst furðu sæta hvað þau voru lík að mörgu leyti. Eitt kvöldið þegar þau hittust í klúbbum gaf hún honum undri fótinn en Markús lét sem hann tæki ekki eftir því. Hann mat þessa fögru konu mjög mikils því meir sem hann kynntist henni og þau urðu síðar einstaklega góðir vinir.

Eftir að Markús hafi lokið starfi sínu þennan dag lagðist hann fyrir og slakaði á líkama sínum og spurði sjálfan sig: „Hvar ert þú Mariana?“ Eftir skamma stund þá fór Markús sálförum.

Sálfarir er í raun ekki réttnefni, því sálin fer ekki úr líkama mannsins fyrir en rúm fimmtíu prósent hefur leyst sig upp frá honum og myndað þann hluta af líkamanum á öðrum stað úr efni jarðar, þá fyrst flyst sálin yfir í þann líkama, síðan mótast hún sig þar um leið og hinn líkaminn leysist allur upp. En þegar ekki er um hamfarir að ræða þá er hið rétta nafn á þessu fyrirbæri líforkureiki. Þegar um slíkt fyrirbæri er að ræða þá myndast lífeindaorkuhjúpur utan við líkama mannsins og hann tengist viðkomandi manni svo mikið og vel að honum finnst hann sjálfur vera á ferðinni. Þessi lífeindahjúpur hefur í sér geymdir, á sama hátt og ljóseindirnar og hefur þá eiginleika að taka til sín allar upplýsingar um heildarsvæði sjóndeildarhringsins og sendir þær í myndrænu formi til viðkomandi, þess vegna fannst honum hann svífa yfir landsvæðinu og sjá samhliða allt í kringum sig.

Þegar Markús var komin í þetta ástand fannst honum hann svífa yfir landið í norðvestur, hann sá ávallt í einum vettvangi bæði fram og aftur fyrir sig. Þannig sveif hann í huganum yfir og fyrir fjöll, vötn, þetta skóga og ýmsar aðrar ófærur, nákvæmlega þá leið sem honum var ætlað að fara. Fyrst yfir svæði sem hann þekkti vel og síðan yfir á ókunnar slóðir, sem hann lagði vel á minnið þar til hann sá heljar mikinn fjallgarð sem lá langt frá norðaustri til norðvesturs. Hann sveif áfram litla stund í norðvestur og þá sá hann í fjarlægð nokkuð breitt skarð og mikinn foss, hann sveif áfram í gegnum þetta skarð og síðan áfram yfir fagurt og grösugt landslag í norðvestur. Þá sá hann í fjarlægð heljarstórt vatn og húsaþyrpingu skammt sunnan við vatnið, hann sveif í norður í átt að vatninu en þá fann hann fyrir óhugnaði. Þá breytti hann um stefnu í norðvestur og sveigði síðan vestur fyrir vatnið, síðan sveif hann stuttan spöl í suðaustur og síðan yfir á sem rennur eftir djúpum dal í suður að stóra vatninu, síðan meðfram ánni inn dalinn og sá sveitabæi og fjölda kúa og hesta á beit beggja megin við ána, þá slitnaði sambandið og skömmu síðar sofnaði hann.

Eldsnemma að morgni daginn eftir riðu tíu traustustu hermenn Markúsar fylktu liði út úr herbúðunum. Í fylkingunni voru fjórar konur, öll höfðu þau tvo til reiðar eins og

venjulega þegar herinn er skipaður í leiðangra og hversu fámennt sem liðið er eru þeir ávallt vopnaðir breiðsverði við beltið og kósakkasveigboga yfir axlir, en hann er einungis notaður sem hestabogi og fullt hylki yfir öxlina, fullt af örfum. Burðarhestarnir bera allan farangur sem leiðangursmenn þurfa að hafa með sér, þar á meðal skotheld vesti, hringbrynju, langboga sem aðeins er notaður á jörðu niðri og sveigboga, sem er heldur stærri en kósakkasveigboginn, hann er bæði notaður á jörðu og sem hestabogi og ýmislegt annað.

Hermennirnir riðu í norður frá Keisaraborginni og sveigðu eftir skamma stund lítið eitt í norðvestur þar til þau komu að brúnni yfir Jökulsá á Tröllum. Síðan héldu þeir áfram í norður meðfram skógarjaðrinum og riðu fyrir Tröllafjallið í vestur og héldu síðan áfram í gegnum héruðin í norður og inn Langadal. Síðan var stefnan tekin í norðvestur yfir og fyrir fjöll. Þeir viku fyrir þéttum skógum og keldum og óðu yfir læki og ár. Að kveldi eftir þrjár vikur áðu þau við mikið fljót sem nefnist Markafljót. Þeir tóku reiðtiginn af hestunum og lögðust til svefns.

Daginn eftir sundriðu þau yfir þetta straumþunga fljót, komu upp á bakkann litlu neðar og héldu síðan áfram í sömu stefnu og fyrr. En eftir skamma stund birtust úlfarnir í tugum og eltu þá stanslaust, þeir þurftu að skjóta á nokkra þeirra þegar þeir gerðu tilraun til að bíta í hælana á hestunum og báðar næturnar þurftu þeir að kveikja nokkra elda sér til varnar og hafa vaktaskipti. Eftir tvo og hálfan dag voru þeir lausir við úlfana og héldu síðan áfram í norðvestur. Þá byrjaði Markús að senda tvo og tvo af mönnum sínum saman á líklega staði sem þeir sáu frá fjallakömbum til þess að leita að flóttafólkinu eins og hann hefði ekki hugmynd um hvar þau væru. Þá fór hann einsamall að leita, en stundum hafði Markús vin sinn Hodor sér til fylgdar, hann hafði þennan háttinn á til að þá grunaði ekki hver ásetningur hans væri. Eftir eins og hálf mánaðar leit komu þeir að miklum fjallgarði, sem var síðar nefnt Fjallavirkið, sem er um tólf þúsund metra hár og teygir sig upp í himinblámann í jökulkuldann og skartar af heljarmiklum jökli sem var gefið nafnið Fjallajökull. Hér eftir verður staðháttum og nöfnum lýst eins og þeim var gefið fáum árum seinna.

Hermennirnir riðu meðfram fjallshlíðinni í norðvestur í hátt á annan klukkutíma. Þá sáu þeir Gilsskarð sem er um sjö kílómetra langt í norður og vatnsmikið fljót sem nefnist

Gilsfljót sem rennur eftir djúpu gljúfri og myndar í dalsmynninu fagan, fimmtán metra háan foss, sem nefnist Glitafoss. Hann fellur með drunum niður í hyl sem hann hefur myndað og rennur síðan niður eftir sléttunni góðan spöl í norður í straumköstum. Síðan sveigir áin í vestur og breiðir úr sér, sveigir aftur í norður og rennur eftir djúpum löngum dal. Síðan rennur hún í sveigum og bogum þúsundir kílómetra áður en fljótið rennur í haf út. Þeir áðu þarna fyrir neðan gilið, fengu sér að eta og lögðust síðan til svefns.

2. KAFLI

Snemma morguns daginn eftir, þegar þeir höfðu lokið við að eta síðust leifarnar af bráðinni sem einn úr hópnum veiddi daginn áður og kokkurinn steikt yfir eldi, sendi Markús menn sína í sitt hverja áttina til leitar og sagði þeim að vera mættir á þessum stað seinni partinn á þriðja degi. En hann reið einsamall á fáki sínum fetið upp brattagilið eftir dýraslóð og lét síðan Sörla, fallegan gráan gæðing, tölta í rólegheitum eftir slóðanum með bullandi og iðandi fljótið i gilinu á vinstri hönd og með skóginn á hægri hönd. Hann var góða stund að ríða gegnum skarðið. Þegar hann nálgast norðurendann á dalsmynninu sá hann í rúmlega eitt hundrað metra háan endann á Lágafelli, sem liggur í norður og er skógi vaxið frá toppi niður að fljótinu.

Þegar Markús reið frá dalsmynninu sá hann nær endalaus gresju í vestur og heljarstórt vatn sem var um tólf kílómetra í norður. Vatnið er ávallt nefnt Litlahaf vegna stærðar þess. Gilsfljót rennur nánast í beinni línu frá Litlahafi meðfram Lágafelli í gegnum akurinn. Markús sá í fjarlægð lítið þorp sunnanvert við vatnið, hann vissi að hann ætti að forðast þetta þorp svo hann reið í norðvestur. En nokkru síðar sá hann hóp koma á reiðskjótum sínum frá þorpin í átt til hans. Þeir stöðvuðu síðan hestana í kílómetra fjarlægð frá honum, fylgdust með honum í góða stund og snéru svo við.

Hann var góða stund að komast vestur fyrir vatnið og beindi síðan hestinum í austur, reið meðfram Litlahafi og stefndi á brú sem er yfir sæmilega breiða á sem nefnist Langá. Áin rennur í suður eftir miðjum og breiðum, djúpum, gróskumiklum dal sem nefnist Breiðdalur sem hann sá í nokkurri fjarlægð og þangað stefndi hann. Hann sá fjöldann allan af bændabýlum, kúm og hestum þar á beit. Nokkuð fyrir utan dalsminnið var þéttriðin bjálkagirðing sem lokaði dalnum en áinn rennur undir girðinguna. Austanvert við ána á bjálkagirðingunni er breitt hlið og fyrir innan girðinguna sá hann tvo alvopnaða menn með kíkja í ól hangandi um hálsinn.

Þegar Markús kom að lokuðu hliðinu spurði annar vörðurinn, sem var í bláum einkennisbuxum og ljósgrænum jakka: „Hvert er nafn þitt og erindi, liðsforingi, og hvers vegna er keisarans maður einn á ferð?“ „Nafn mitt er Markús Esteban, ég þarf að hitta Mariana Poston liðsforingja.“ Hann opnaði hliðið og hleypti honum inn fyrir og sagði:

„Hún á von á þér, hún býr á Skógarstöðum, það er fjórði afleggjarinn hérna megin við ána.“ Markús lét hestinn fara á hægu tölti þennan spöl eftir veginum meðfram ánni í norður þar til hann kom að heimreiðinni, þar beint á móti er önnur brú yfir Langá að bæjunum fyrir handan hana. Hann beindi hestinum inn heimreiðina og tveir hundur komu geltandi á móti honum þegar hann reið inn á hlaðið. Hestasveinn tók við hestinum, en Mariana beið eftir Markúsi utan við dyrnar. Hún faðmaði hann að sér með fögnuði og sagði: „Ég átti von á þér,“ síðan bauð hún honum inn í stofu og sæti við dekkad borð sem þjónustustúlkan hafði framsett eftir skipan hennar. Mariana settist gegn honum og hellti kaffi í málið hans og síðan í málið sitt. Hann var ekkert undrandi yfir þessari vísku hennar um staðartíma hans.

Þau drukku og fengu sér kaffibrauð þegjandi og hugsuðu sitt, síðan horfðust þau í augu litla stund ánægð yfir nærveru hvors annars. Litlu síðar spurði Markús einungis til að hefja umræður: „Hvar er eiginmaður þinn hann Tions Frey“? „Hann er að þjálf þessa tuttugu hermenn sem ég hef til umráða, og aðra íbúa sem hafa náð átján ára aldri, einu sinni í viku vegna þess að við erum svo fá miðað við glæpagengið sem hefur aðstöðu sunnan við vatnið, þá þörfnumst við fleiri manna sem kunna að berjast ef til átaka kemur á milli okkar. Tions er að sjálfsögðu mín hægri hönd og næstráðandi hér í dalnum og ef hann sér að eitthvað sem hefur komið upp á þá kem ég til skjalanna.“

„Eru eitthver vandræði með með fólkið fyrir sunnan vatnið?“ „Já, heldur betur, foringi þeirra Anguy Gleos er sérlega grimmur og einstaklega eigingjarn gaur sem hefur tekið sér alræðisvald yfir norðrinu og hefur sér til fulltingis fjórtíu manna lið undir vopnum sem er ekkert skárrí en hann í illmennsku og eigingirni. Hann veður hér um, að Breiðdalnum slepptum og tekur það sem honum og hans lið vantar til að geta lifað. Þar á meðal hafa þeir tekið allar konur, giftar sem ógiftar, allt niður í fjórtán ára unglunga og engin veit hverjir eru feður barnanna sem fæðst hafa hér síðastliðin tíu ár frá því að þeir komu hingað.“ Þá skyndileg reiddist Markús og spurði: „Hafa þeir snert þig?“ Mariana brosti ánægð þegar hann reiddist fyrir hennar hönd og sagði: „Ef við hjónin hefðum verið tvö saman þegar við komum hingað þá hefði ég ekki sloppið frá þeirri niðurlægingu. En við hjónin vorum heppin þegar við flúðum frá keisaraveldinu að því leyti að ég hafði það á tilfinningunni að við ættum að fara sem lengst í norðurvestur. Tólf dögum eftir að við flúðum inn í skóginn mættum við rúmlega sextíu manna hópi, megnið af þeim eru

bændur, allt fjölskyldufólk, fjörtíu fullorðnir og restin unglingar og öll voru þau vel vopnuð og kunnu að beita þeim. Þau voru öll á sömu leið og við, í norðurvestur og vissu nákvæmlega hvert þau voru að fara. Ástæðan fyrir þessu ferðalagi þeirra var af tvennum toga, þau voru orðin leið á að þvælast þarna um í villtum skóginum og vildu komast til mannabyggða, en ekki vera undir keisaraveldinu. Hin ástæðan var að í þessum hópi var nítján ára fjölhæfur og vopnfimur piltur sem nefnist Sawyer Jackson, sem nú er undirþjálfari minn. Hann er einnig sjáandi og fann með fjarsýni nýtt og fagurt landsvæði og leiðina þangað þar sem hópur af nýbúum hafði komið sér fyrir. Nokkrum vikum síðar var ákveðið að láta slag standa og leggja út í þessa óvissu. Við fylgdum hópnum og það liðu ekki nema tæpar tvær vikur þar til ég var kjörin foringi þeirra. Þá setti ég þau öll undir heraga og þjálfaði þau og hestana til að verjast og hefja sókn. Ég skipti þeim í tvær andstæðar fylkingar og lét þau berjast með lurkum sín á milli með einbeitni og hörku, bæði á hestum og á fæti, þar til þau voru þrautþjálfuð en við vorum mun lengur á leiðinni á áfangastað en annars hefði verið. Ég gerði þetta á þeim forsendum að ef á okkur yrði ráðist þegar við kæmum til þessara nýju heimkynna þá mundum við hafa þjálfaðan og öflugan her til að verja okkur gegn slíkum ofbeldismönnum. Þegar við vorum komin nokkra kílómetra norður fyrir Gilsskarð og inn á gresjuna riðum við í átt að vatninu, þá kom hópur af ríðandi mönnum á móti okkur. Ég tók upp kík og sá að þessir menn voru vopnaðir breiðsverðum og kósakkabogum og ekki frýnilegir ásýndum svo ég tók þá ákvörðum að beina hestunum meira í norðvestur og að fara með menn mína vestur fyrir vatnið til að sjá hvað þeir gerðu en þeir beindu þá hestum sínum fyrir okkur. Við höldum áfram þessari stefnu þar til bilið á milli okkar var eins og ég vildi hafa það. Þá stöðvaði ég mína menn og gaf skipanir: „Raðið ykkur í þrjár raðir og bogann tilbúinn í notkun!“ en þau sem voru sautján ára og yngri röðuðu sér í öftustu röðina. Á þessu augnabliki stoppaði hópurinn hesta sína fyrir handan og hafði sína boga einnig tilbúna en þeir sátu allir í þyrpingu, eins og agalaus her. Þá lét ég hestinn minn tölta inn á mitt svæðið og stoppaði hestinn þar.

Þá kom foringi þeirra einn töltandi á hesti sínum og við mætumst á miðri leið. Þá sagði þessi svartskeggjað þrekni og svipljóti risi: „Hví fylkir þú liði þínu í bardagastöðu gegn mér, Anguy Gleos, svarta höfðingja gresjunnar og hermönnum mínum?“ Ég svaraði: „Ástæðan er að ógnandi vopnaður her þinn kom á móti okkur ásamt þér, og ég, Mariana

Poston liðsforingja manna minna ber að hafa öryggi þeirra í fyrirrúmi. Að öðru leyti komum við með friði og viljum setjast hér að og byggja upp þennan stað með friði ásamt ykkur.“

Anguy svaraði: „Það þykir mér gott að heyra því ég stjórna þessu landi samkvæmt mínum lögum og ef þú fylgir ekki þeim þá er mér að mæta. Þú og þinn líður eigið að ríða vestur fyrir vatnið og byggja ykkur ból við vatnið að norðanverðu, og þegar kallið kemur þá hlýða þú og þínir menn óskum okkar.“

„Þínir ribbaldar eru greinilega lítt þjálfaðir til hernaðar og ég og mínir menn munum því hafa alkosta við ykkur í hernaði, því hermenn mínir er þrautþjálfaðir og ef þú ætlar að halda þér við þessa móðgandi tillögu þá er ég albúin til árása, nema ég og mínir menn fáum að fara óáreitt og velja okkur landsvæði án þinn afskipta og við munum ekki skipta okkur af þínum högum.“

Anguy Gleos horfði litla stund yfir lið mitt og var hugsí og greinilega órótt en að lokum sagði hann: „Þið megið fara og velja ykkur landflæmi, en ef þið skiptið ykkur af nýbúunum sem hér eru fyrir, þar sem þau eru undir mínum verndarvæng, þá munuð þið hafa verra af.“

Þá spurði Markús: “Standa þá málin þannig að þið fáið að fara allra ykkar ferða, en þeir stjórna nýbúum eftir sínu höfði?”

„Já, því miður, en eftir að við settum upp varargirðinguna þá gátu tuttugu og níu manns, bændur og sérstaklega konur og börn flúið hingað til okkar, en það stóð ekki nema í nokkra daga, því þeir refsuðu ættingjum þeirra á hryllilegan hátt.“

„Ég heyri það á öllu að það er eitthvað meira sem þú hefur í huga og vilt segja mér.“

„Já ég hef ýmislegt í huga, mig langar til að byggja hér upp nýtt ríki sem verður undir stjórn drottningar og konungs og sá maður verður að vera vel gefinn og hafa mikla hæfileika til forystu, vopnfimur og hafa mannlegri kosti við þegna sína en keisaraveldið hefur yfir þegnum sínum og virðir hjónabandslöginn, ásamt öllum þeim lögum sem sett verða í þessu nýja ríki. Hér í mínum hópi er ég ríkjandi vald og fylgi þeim lögum sem ég hef sett. Þau lög eru að nokkru leyti frábrugðin lögum keisaranna. Hér má meðal annars með engu móti þröngva manneskju í hjónaband eða taka sér frillu eða friðil gegn vilja

þeirra eða maka, allir mega reka sín eigin fyrirtæki og bændur eiga sín jörð og þessi lög má aldrei aftaka. Og viðkomandi maður sem vill taka þetta hlutverk að sér verður að hlíta þeim lögum sem við setjum án undatekninga og skilyrðið er að við skiptum hernum jafnt á milli okkar og við setjum lög sem eru svo tvímællaus og skýr að engar mikilvægar skipanir verði framkvæmdar án samþykkis hins. En ef þú vilt vinna að þessu í samfloti með mér þá verður þú að koma með hóp af völdum mönnum sem geta barist og helst svo marga að Gleos og hans menn leggi niður laupana án mótþróa þannig að við náum völdum yfir þessu ríki með friðsamlegum hætti. Þú ert eini möguleiki minn því flestir mínir menn eru bændur og nokkrir menntamenn, að manni mínum og undirforingja undanteknum, þess vegna legg ég ekki í slíkan hildarleik eins og stendur því annars mun ég missi fjölda manns að óþörfu og það er mun betra að sigra þessa glæpahunda án vopnaskaks.“

„Þú ert í raun að biðja mig um að aðstoða þig við að mynda nýtt ríki sem verður undir okkar stjórn. Það er í sjálfu sér gott og blessað því ég er ekki þar ánægður undir stjórn keisarans, frekar en margir aðrir þegnar hans. Þetta mál þarf ég að hugsa mjög vandlega áður en ég tek nokkra ákvörðun og ef ég tek þetta viðamikla krefjandi starf að mér þá geri ég það að sjálfsögðu í samfloti með þér, því ég veit að þú hefur ýmsa þá góðu hæfileika sem þetta starf krefst, þar á meðal stjórnunarhæfileika.“

„Hún horfði á hann litla stund og sagði: „Ég hef alltaf vitað það að þú værir glöggur maður, svo þetta lítilræði hefur ekki farið framhjá þér, og þá vil ég spyrja þig: Hvers vegna hefur faðir minn lagt stein í götu þína fyrir meiri frama innan hersins? Ég spurði þabba hvers vegna hann gerði þetta, þá svaraði hann því að þú værir hættulegur maður, en því trúi ég ekki.“

„Þetta svar hjá honum var hárrétt, því ég er hættulegur maður fyrir honum, því ég ætla að fella hann úr sessi, ástæðan er að hann hefur hunsað mig og látið sem hann viti ekki hver ég er, því að ég er launsonur hans og þú ert hálf systir mín.“

Hún roðnað lítilsháttar og sagði: „Það er ástæðan fyrir því að mér fannst svo einkennilega sterk tengsl vera á milli okkar, og mér þykir vænt um þessar upplýsingar.“

„Ef ég tek þessa ákvörðun þá mun það taka fleiri mánuði að safna saman þeim mannskap sem við munum þurfa og það væri helst eingöngu það fólk, sem flúið hefur inn í villta

skóginn sem kæmu til greina. En ég tel það líklegt að ég geti fengi kannski tvo til þrjá foringja úr liði mínu á okkar band, alla vega ætla ég að athuga þann möguleika því okkur vantar tilfinnanlega slíka menn eins fljótt og mögulegt er, ef af þessu verður. Og eftir því sem menn segja innan hersins þá eru flestir í hópi skógamanna bændur, en mun færri óbreyttir hermenn og enn færri foringjar.“

„Og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það mun taka tíma að safna saman mönnum sem hafa áhuga á að koma hingað og mynda nýtt ríki undir okkar stjórn, og ég vona innilega að þú takir þetta að þér með mér.“

„En það er eitt nokkuð stórt vandamál sem kemur upp ef ég tek þetta að mér.“

„Hvaða vandamál er það?“

„Ef og þegar við höfum yfirunnið þetta glæpagengi, hvar eigum við að koma öllum þessum hóp fyrir í refsingaskyni?“

„Ég er nú þegar að leysa þetta vandamál, við höfum nú þegar byggt fangahús fyrir tólf fanga, það eru fjórir klefar og erum nú þegar rétt byrjuð á öðru mun stærra fangahúsi sem tekur ríflega fjórtíu fanga.“

„Þá er það mál leyst.“

Það var mjög kært á milli þeirra þessa fáu daga sem hann gisti á heimili hennar. Á þriðja degi lagði Markús af stað til félaga sinna. Hann kvaddi systur sína með kossi á kinnina og sagði um leið: „Ég hef tekið þá ákvörðun að taka þetta verkefni að mér og geri mitt besta til að koma hingað aftur og þá með einhvern fjölda af fólki eins fljótt og ég mögulega get,“ og með það fór hann. Markús reið í austur, að norðanverðu við Litlahafið og síðan beindi hann hestinum í suður, austan við vatnið, og lét hestinn tölta rólega meðfram ánni inn í skógajaðrinum, því systir hans sagði honum áður en hann fór að hann kæmist aldrei lifandi héðan ef hann færi vestur fyrir vatnið, því foringi hundingjanna vildi ekki að nokkur færi héðan í burtu og síst af öllu foringi úr hernum, því hann vildi vera einráður í þessu landi. Og Gleos foringi hefur aldrei haft vörð við dalsmynnið, einhverra hluta vegna. Þess vegna ættir þú að sleppa fram hjá þeim nánast óséður, þar af leiðandi mun

hann að öllu líkindum telja að fyrst þú hafir lagt það á þig að koma hingað þá væri það til að búa hér til frambúðar en ekki til að fara strax aftur.

Á meðan Norðurríkið var ekki til voru ekki það margir hlutfallslega sem flúðu inn í skógana, því mönnum þótti það ekki ákjósanlegur staður að dveljast á það sem eftir væri af lífi þeirra á þessari jörðu, sem gæti kannski varað í hundruði ára. Keisaramenn vissu vel hvar aðsetur flóttamannanna voru þar sem þeir hafa myndað mörg lítil þorp langt inni í þéttum skóginum þangað sem engin leið var að senda herlið, og keisarinn hafði ekki miklar áhyggjur vegna þessa, en það átti eftir að breytast þegar Norðurríkið var komið á laggirnar.

Nokkrum dögum eftir að Markús kom með lið sitt inn í herbúðirnar og hafði tekið við sínu fyrra starfi hafði hann þegar valið í huga sínum fjóra einhleypa, trausta og góða foringja sem voru mannlegir og ekki sáttir við stjórnarfarið. Foringjarnir eru þau Hodor Mormon undirforingi og vinur Markúsar, Marta Merryck einnig undirforingi, Gavin Gerhardt liðþjálfari og Nína Penrose sveitaforingi. Þessir fjórir hugrökku og vopnfímu menn voru með honum í leitinni að dóttir hershöfðingjans. Síðan bætti hann við sex óbreyttum einnig einhleypum hermönnum, vegna þess að það var nánast ómögulegt að smygla fjölskyldu með án grunsemda.

Nú beið hann eftir að hann yrði sendur í leiðangur, en það er yfirleitt gert með óvissu millibili yfir það landsvæði sem jarlinn á þeim tíma hafði umráð yfir. Þegar sá dagur kom kallaði hann þessa fjóra foringja og sex óbreyttu hermenn inn á skrifstofu sína og ræddi við hvern fyrir sig einslega í góða stund um herinn og aðstæður þeirra, til að skynja betur hugarástand þeirra. Þegar hann skynjaði að þeir svöruðu honum oftlega með jákvæðum svörum til keisarans gegn betri vitund og hann taldi sig nánast hafa lesið huga þeirra rétt um að hann gæti treyst þeim, tók hann þann pól að tala í kringum sjálft málið til að fullvissa sig um að þeir mundu fylgja honum. Þá fyrst sagði hann þeim hvers hann hafði orðið áskynja í þessari leit og sagði þeim jafnframt að Mariana liðforingi væri Catelyn Turkey, dóttir Turkey hertoga og að hann væri launsonur hershöfðingjans. Síðan sagði hann þeim nákvæmlega áætlun þeirra systkina og hvernig ríkið yrði rekið og lög þess í stórum dráttum.

Tveimur dögum síðar snemma morguns riðu af stað ellefu vopnaðir riddaraliðsmenn í dökkbláum herklæðum með Markús í farabroddi. Það rigndi eins og hellt væri úr fötu og stingskaldi var allan þennan dag. Þeir voru með kósakkaboga sem er sveigbogi hangandi yfir öxl, létt sverð í slíðri við beltið og klyfjapestarnir báru ýmsan farangur, þar á meðal tjöld, lásaboga, sveigboga, örvar, örvahulstur, þung og breið sverðin ásamt ermahlíf, brjósthlífum sem hlífir höggum frá þungum sverðum, hjálm og einnig höfðu þeir með sér skildina sem voru bundnir við klakkinn. Galup skipaði þeim að hafa einnig með sér eitthvað af fötum ásamt varaeinkennisbúningi, eins og venja er og eina hvíta veifu hver.

Þau voru send í þennan venjulega leiðangur af ofurstanum til að kanna aðstæður og sýna sig á yfirráðasvæði jarlsins. Þessi yfirferð tók venjulega hálfan mánuð til þrjár vikur, og ef eitthvað mikilvægt kom upp á og þau væru of fá til að ráða við þá uppákomu þá hafði Markús heimild til að senda eftir fleiri mönnum.

Að kveldi eftir tveggja daga yfirferð beindi Markús leiðangrinum beint í norður og út fyrir bæjarfélöginn og langt inn í skóginn, þar tjölduðu þeir og lögðu til svefns. Að morgni héldu þeir áfram þar til þeir komu að kveldi að þéttvöxnum skógi og að mjóu einstígi sem var framundan, þarna áðu þau. Snemma næsta morguns skipað Markús mönnum sínum að fara í skothelda vestið og hafa hjálm á höfði til öryggis ef einhver mundi missa ör úr boga sem beindist að þeim og hafa veifuna á lofti svo að ekki yrði skotið á þau af færi frá skógavörslumönnum sem leyndust þarna í skóginum. Þannig riðu þau í rúman klukkutíma en þá birtist skyndilega vopnaður skógarmaður skammt fyrir framan þá og spurði erinda og hverra mann þeir væru. „Ég er Markús Esteban liðsforingi og ég og mínir menn erum á flótta frá keisaranum úr hernum, og ég óska vinsamlega eftir að fá viðtal við foringja ykkar.“ Þá lyfti foringi skógarmanna hendi og birtust þá skyndilega vopnaðir menn umhverfis þau og beindu vopnum sínum að þeim. Þeir urðu að afhenda öll vopn sem þeir báru á sér og síðan fylgdi hluti af skógarmönnum þeim inn í þorpið og beindu á meðan hlöðnum lásaboga að þeim.

Þorpið var staðsett í heljarstóru rjóðri og þarna bjuggu rúmlega eitt hundrað og fimmtíu manns úr ýmsum stigum þjóðfélagsins og í nokkuð góðu samlyndi. Þegar inn í þorpið var komið var þeim beint inn á mitt svæðið og skipað að afhenda hestana á meðan vopnaðir verðir stóðu yfir þeim. Eftir góða stund var Markús sóttur og hann leiddur inn í einn

kofann, þar sat við eitt borð rétt innan við gluggann Herbert Partridge, fyrrum liðþjálfari í liði keisarans, 65. herliði og 20. sveit. Hann stóð upp og heilsað Markúsi kumpánlega, það var augljóst að þeir vissu hver hinn var.

Vel fór á með þeim og Markús gat varla verið heppnari því nú vissi hann að allt yrði auðveldara, sem kom á daginn þegar hann hafði lýst fyrir honum ástæðunni fyrir flóttu þeirra og komu þeirra á hans umráðasvæði til að kanna hvort eitthvert af fólki hans hefði áhuga á að flytja til nýja landsins fyrir norðan. Hann sagði honum síðan sitt rétta föðurnafn og hvernig hann og Catelyn Turkey systir hans vildu skapa þar þjóðríki og taka völdin af þeim óþjóðalýð sem stjórnaði þar. Herbert fannst þetta áhugavert og kvaðst ætla kanna þetta með félögum sínum.

Að einum mánuði liðnum var Markús orðinn foringi þeirra og hafði sannfært alla í þorpinu um að flytjast yfir í þetta nýja ríki sem Catelyn hertogadóttir og Markús ætluðu að stofna með þeirra hjálp. Hafin var tveggja mánaða stíf herþjálfun áður en lagt var af stað, síðar á leiðinni valdi Markús menn úr hópnum til að ganga í her nýja ríkisins.

Ferðalagið til nýja heimsins gekk seint en vel. Þegar þau voru komin á áfangastað norðan við Litlahaf tjaldaði öll hersingin og verðir voru settir austan við ána allan sólarhringinn til að koma í veg fyrir að Gleos og menn hans kæmust yfir ána. Hliðið að Langadal var strax haft opið og litlu síðar sameinuðust herir Catelyn og skógarmannanna sem Magnús myndaði á leiðinni norður. Síðan voru skipaðir eitt hundrað valdir hermenn af báðum kynjum til að fanga glæpagengið og farið var af stað að nóttu til. Það var komið að þeim óvænt og sofandi, og þeir voru því fangaðir með lítilli mótspyrnu, síðan voru þeir dæmdir í tuttugu ára fangelsi eftir nýjum lögum sem systkinin settu.

ÖNNUR BÓK

EINNI ÖLD SÍÐAR

BERNSKA

1. KAFLI

Höfuðborg Vesturríkisins er í Birkjalandi og nefnist Keisaraborgin, hún er stærsta og fjölmennasta borgin og liggur við botn Birkjafjarðar, sem er nokkuð breiður en ekki langur. Fyrir utan borgina er litrík og grösugt akurlendi og einstaklega góðir bithagar fyrir búpening allt árið um kring og fjöldinn allur af bújörðum. Þarna er gróðursælt láglandi sem deilist niður í nokkrar sýslur og enn fleiri hreppa. En um það bil fjörtíu kílómetra í vestur er einstaklega langt, sérlega hátt og umfangsmikið fjall sem liggur langt í norður frá Breiðaskarði sem nefnist Tröllafjall og er um fjórtán þúsund metrar á hæð. Á toppi fjallsins og um eitt þúsund metra niður fjallið er umfangsmikill og langur jökull sem nefnist Tröllajökull, hann myndar breiða, straumharða jökulá sem nefnist Jökulfljót frá Tröllum. Jökulfljótið rennur fyrstu þrjá kílómetrana í bugðum niður gróðurlausa hlíðina, gegnum marga lága dali með mismunandi straumkasti, síðan áfram í bugðum niður alla fjallshlíðina þar sem Tröllaskógur tekur við og síðan áfram í gegnum láglandið. Það er skógi vaxið næstu þrjá kílómetrana og áfram í austur gegnum gróskumikið akurlendið, og síðan nánast í beinni línu í sjó fram, það er um það bil þrjátíu og fimm kílómetra fjarlægð frá skógarmörkum og borgarmörkum. En bakvið Tröllafjallið tekur við grösugt heljarmikið landsvæði ásamt grunnum og djúpum dölum langt í vestur, suður og norður, beggja megin við fjallið eru velrekin bændabýli og þorp með ýmis konar iðnað.

Í um það bil fjörutíu kílómetra fjarlægð í vestur frá borgarmörkunum er löng og breið fjallaþyrping sem er samtengd að nokkru leyti og liggur langt í suður frá Breiðaskarði, en norðurendann ber við suðurendann á Tröllafjalli og myndar breitt skarð þar á milli sem er gengt Keisaraborginni. Flestar þessara fjallaþyrpinga hafa marga hvassa tinda og sameiginlega nefnast þessi fjöll Hvasstindar og að sjálfsögðu ber hvert fjall ákveðið heiti. Austasta fjallið í þessari fjallaþyrpingu er fjallið Baugsfjall sem myndar mjög langan og breiðan fjallahring. Á milli fjallahringsins er lágur, langur og nokkuð breiður dalur. Þar er geysistört vatn sem nefnist Glitavatn en umhverfis vatnið er allt skógivaxið upp á topp fjallahringsins. Frá vatninu hefur fljótið brotið sér leið í gegnum skarð sem nefnist Glitaskarð og rennur niður í bugðum og myndar tilkomumikinn og fagran foss sem nefnist Glitáfoss þar sem hann rennur fram af geysiháum og breiðum kletti og hefur

gegnum tíðina myndað breiðan hringlaga hyl, sem síðan breiðir hún úr sér í straumhart, djúpt og breitt fljót sem nefnist Glitafljót. Það rennur í austur í víðum bugðum gegnum akurlendið í tuttugu og fimm kílómetra fjarlægð í suður frá borgarmörkunum og áfram í sjó fram. En það eru tvær frekar grunnar en breiðar ár sem renna frá Tröllafjalli og aðskilja hreppanna þrjá sem nefnast Suðurhreppur, Borgarhreppur og Norðurhreppur. Þessir þrír hreppar tilheyra Jökulsársýslu, en sunnan við Glitafljót eru einnig bújarðir og þorp.

Allt árið um kring gefa þessar gróðursælu sléttur búfénaðinum sældarlíf, einnig er búskapurinn og iðnaðurinn í blóma svo keisarinn fær góða afkomu. En bændurnir eru þrautpíndir af vinnuálagi og þrýstingi frá sérstökum eftirlitsmönnum sem eru búfræðingar og kallast Vaktarar. Þeir eiga að fylgjast með að bændurnir vinni störf sín af samviskusemi og sjái um að bústofninn gefi sem bestan arð til keisarans. En þeir vita aldrei hvenær Vaktarinn kemur, og þannig þurfa allir þegnar ríkisins að hafa Vaktara sem hafa ýmsa þekkingu og fylgjast með hverjum manni á mismunanda tímum og alltaf óvænt.

Um eitt hundrað metra sunnan við Glitárfoss í Baugshreppi í Tindasýslu er nokkuð lágur, sérlega breiður og sæmilega langur hryggur sem liggur í austur frá þessum breiða og háa kletti sem tilheyrir Baugsfjalli. Uppi á þessum hrygg er stór og feikimikill kastali og umhverfis kastalann og skammt fyrir neðan hann er umfangsmikill hallargarður sem nær næstum að klettinum og er aðgreindur með átta metra háum virkisvegg og tveggja metra breiðum en norðurhliðin er skammt frá Glitárfossi, en þar sem bratt er niður í hallargarðinn á þrjá vegu eru breiðar tröppur niður á sléttuna skammt austan við höllina en til hliðar við þær er steipt slétt löng braut upp að höllinni svo hægt sé að koma faratæki upp að höllinni. Um það bil áttatíu metra frá höllinni innan virkisveggja, þar sem kletturinn teygir sig í suður frá virkisveggnum, er hellisop á jarðhæð langt inn í þennan mikla klett sem myndar háa og víða hellishvelfingar hverja inn af annarri og til hliðanna en fyrir framan hellisopið er lágur virkisveggur og þar eru ávallt verðir allan sólarhringinn og að sjálfsögðu einnig fyrir innan. Inni í þessum hellum eru óhemju margir klefar fyrir fanga keisarans og er notaður sem næringarbrunnur hans.

Í hverri geil sem myndar kastalavegginn er fjöldinn allur af fallbyssum, raðað niður í hverja geil með tveggja metra millibili og það er nægilegt svigrúm til að snúa fallbyssunum lítið eitt til beggja hliðanna. Í hallargarðinum eru ýmis konar skálar fyrir yfirmenn og almenna hermenn ásamt vopnageymslum, hesthúsum og ýmsum öðrum geymslum. Í þessum kastala er rennandi vatn og rafmagn, eins og í öllu borgum og bæjum, en aðeins hjá þeim sem tilheyra hirðinni og hástéttinni utan kastalans, en almenningur getur náð í vatnið í brunna og læki.

Kastalinn nefnist Hrímkastali, alla vega á meðan Hríngerður Bellami keisari býr þarna, hún hefur ráðið ríkjum í veldi sínu síðastliðin fjögur hundruð ár með hirð sinni og í hirðinni ber hver um sig þau tignarheiti sem keisarinn hefur veitt þeim. Þar á meðal eru nokkrir tignir menn innan hirðarinnar sem hafa marga góða sérhæfileika og fleiri en flestir aðrir og þeim treystir hún best, á meðan þau treysta sér ekki til að taka völdin af henni. Þetta veit Hríngerður af eigin reynslu og fylgist vel með þeim á sinn hátt. Þarna eru einnig fjölmargir, þaulskipaðir, grimmir, hraustir og vopnfimir hermenn sem skipa sér í nokkur herfylki og eiga að verja kastalann ef og þegar á hann verður ráðist. Allt þetta fólk innan veggja kastalans fær sérstök réttindi og hlunnindi sem enginn annar fær, það er gert til að hafa fólkið sem þarna er eins lengi á bandi keisarans og mögulegt er en keisarinn er í raun aldrei öruggur um veldi sitt.

Höfuðborg Vesturríkisins nær yfir stærra svæði en aðrar borgir ríkisins og er einnig fjölmennari, hún hefur einnig stærstu og fullkomnustu höfnina, ásamt stærsta flotanum, þar á meðal herskip sem hefur fjöldan allan af fallbyssum, og vöruflutningaskipum sem hafa einnig góð pláss fyrir æðstu menn ríkisins til farþegaflutninga, og fara á milli landa og ríkja á friðartímum. Þarna er einnig fjöldi togara og minni fiskiskipa og báta af öllum gerðum og stærðum sem koma fullir af fiski frá miðunum, sumir hverjir eftir mánaða útiveru. En þó að friðartími sé, þá fylgja ákveðið mörg fögur og tíguleg herskip flutningaskipunum til að verja þau ef á þau yrði ráðist, því annað slagið koma upp nýir hópar sem leggja sig í það að stunda sjórán.

Vinnandi verkmennt við höfnina og sjómenn vinna þarna baki brotnu bæði fyrir og eftir að skipin fara úr höfn, sveittir og misþreyttir með verkstjórana hangandi yfir sér öskrandi skipandi og hótandi fangavist. Allir vissu hvað það þýddi ef þeir yrðu færðir þangað.

Skipstjórnarnir og stýrimenn á fiskiskipum og flutningaskipum voru síst skárri við sína sjómenn þegar þeir voru að undirbúa eða sigla skipum sínum og síst betri voru yfirmenn herskipana.

2. KAFLI

Jörðin Bláfell liggur við Tröllaskóg í vestur og að Jökulsá frá Tröllum í norður, hún tilheyrir Jökulsársýslu og er í Norðurhreppi. Bláfell er rúmlega fimmtán hundruð hektarar að stærð en ræktað land eru sextíu hektarar og þar kúnum beitt allt árið á um kring. Klettabelti sem liggur í austur og vestur skiptir jörðinni í tvennt og sveigir í boga að Jökulsárfljótinu. Þessi hluti jarðarinnar, sem er átta hundruð hektarar kallast *norður fyrir kletta* og þar er mjótt skarð, um það bil miðsvæðis í gegn um klettinn sem hægt er að fara um með þessar sex hundruð kindur og fimm hundruð hross sem eru þarna á beit allt árið um kring og sjálfaldar.

En langt inn í villtum skóginum á gresjunum um allt ríkið eru óteljandi vilt hross sem allir hrossaræktarbændur höfðu leifi til að handsama, eins mörg villt hross og þau hafa haga af. En bændurnir verð að tilkynna það vaktaranum og hann hefur samband við sérþjálfaðan tamningamann sem sker úr um hvort það eigi að nota hrossið eða hrossin, til undaneldis, eða hvort að það eigi að gelda þau eða slátra.

Á jörðinni Bláfelli býr fjögurra manna samheld fjölskylda, annar bóndinn heitir Suzy Njarkosi Mackart. Hún er sérlega fögur, limamjúk, þrjátíu og átta árar gömul, fædd og uppalin á Bláfelli. Hún á tvö börn með eiginmanni sínum, Port Mackart. Port fæddist í þessu myrkraríki fyrir fjórtíu og fimm árum, hann er bóndasonur og reynist konu sinni og börnum mjög vel, enda eru þau hamingjusöm þó hún hafði ekki fengið þann mann sem hún vildi. Þegar hér kemur sögu er elsta barnið þeirra þrettán ára drengur, nafn hans er Frank Mackart. Yngra barnið er stúlka, nafn hennar er Debbi Mackart, hún er ellefu ára og er þegar einstaklega efnileg í skynnæmni og á mörgum öðrum sviðum.

Suzy átti í bernsku góðan vin sem heitir Markús Edward. Hann býr sem bóndi með foreldrum sínum á Skarði sem er næsti bær sunnan við Bláfell, Skarð er ellefu hundruð hektarar. Suzy og Markús léku sér saman til tíu ára aldurs þar til þau voruð skikkuð samkvæmt lögum til að byrja að vinna með foreldrum sínum við búskapinn eftir skóladaginn, vaktararnir pössuðu upp á að það yrði gert. Skólinn byrjaði klukkan átta að

morgni og stóð yfir í fjóra tíma, en við tíu ára aldurinn bætast tveir tímar við sem er vopnaþjálfun. Foreldrar þeirra verða hlíða Vökturum. En þau reyna eins og þau framast komast upp með að þræla börnunum ekki um of.

Suzy og Markús héldu vinskapnum ávallt við eftir að hún gifti sig en áður en það kom til þá var það ósk þeirra beggja að þau fengju að gifta sig og reka búíð á Bláfelli í sameiningu með foreldrum hennar. Þá höfðu þau það í huga að minka búíð á Skarði og auka það á Bláfelli. En það gekk ekki eftir og það er nánast eftir bókinni.

Foreldrar Suzy dóu skyndilega þegar hún var tuttugu og tveggja ára gömul. Þá tók James Spenser greifi, sem hefur umráð yfir þessum þrem sýslum sem eru á milli Glitársfljóts og Jökulsár á Tröllum, þá ákvörðun, þegar hann frétti af láti gömlu hjónanna á Bláfelli, að Suzy dóttir hjónanna tæki við búinu eftir lát þeirra þar sem hann hafði heyrt um ágæti hennar sem upprennandi bónda, þá þurfti hún eiginmann. Eftir nokkurra daga umhugsun ákvað hann hver skyldi taka við Bláfell ásamt Suzy, hann valdi Port Mackart þó hann vissi um samdrætti hennar við mjög efnilegan mann sem var í nábyli við hana, en greifinn hafði tekið þessa ákvörðun og henni varð ekki hnikað. Daginn eftir fékk liðsforinginn Cartier Salle skipun frá ofursta hans, að beiðni Spenser greifa, um að fara heim að Kistuhamri, sem er í Suðurhreppi í Jökulsárhreppi, og sækja næst elsta bóndasoninn, ungan og efnilegan mann, Port Mackart að nafni og fara með hann að Bláfelli og sameina þau í eina sæng. Hann gerði það með þeim hætti að Salle kom með Mackart á staðinn og skipaði þeim að reka búíð í sameiningu ásamt því að skrifa undir sérstakan hjúskaparsamning, þar með voru þau orðin hjón. Þau urðu bæði að setta sig við það, sem að lokum varð hamingjuríkt samband.

En eftir fimm ára hjúskap Suzy og Port kom Cartier Salle liðsforingi að Bláfelli og skipaði henni að vera frilla hans um helgar, og sagði henni að koma heim til sín í fyrsta skipti næsta laugardagskvöldið. Hann var einnig með tvær aðrar ágætlega fagrar frillur, en hann var heillaður af Suzy og hætti þess vegna við þær.

En svo gerðist það seinnipart dags á sunnudegi eftir átta ára hjúskap, þegar þau Mackart hjónin voru að spóka sig í Keisaraborginni, að gljáandi hestvagn jarlsins Brophy Camble og frúar hans rann framhjá þeim, þar sem hjónin gengu í sömu átt, um leið leit jarlinn út um glugga og sá Suzy og sagði hrifnæmur í spurnartón: „Hvaðan kemur þessi yndisfagra

kona?“ Hann lét stöðva vagninn skammt frá þeim fyrir framan borgarstjóráskrifstofunna, opnaði hurðina rétt áður en Suzy kom að vagninum, steig síðan út af honum og lést ekki sjá svipinn á konu sinni. Hann stóð við vagninn þegar þau ætluðu að ganga framhjá og stöðvaði þau með þessum orðum: „Mín fagra mæ, hvað heitir þú og hvar býrð þú?“

„Suzy Mackart, ég bý á Bláfelli í Norðurhreppi í Jökulsársýslu.“ Hún vissi strax hvað klukkan sló.

„Ég hef heyrt af afspurn um fegurð þína, en það sem ég sé er meiri fegurð en hugur minn gat ímyndað sér, limaburður þinn og yndisþokki slær öllum konum við.“

„Ég á ekki skilið svona mikið hrós, en afsakaðu okkur nú þurfum við að halda áfram.“

„Að sjálfsgöðu, en þú mætir í höllina mína næstu helgi og verður þann tíma sem við þurfum eins og venja er og síðan aðra hverja helgi, og veitir mér alla þá blíðu sem þú getur best gefið.“ Þannig missti liðsforinginn uppáhalds frillu sína.

Cartier Salle liðsforingi gleymdi Suzy aldrei og var að vona að eitthvað gerðist sem yrði því valdandi að jarlinn sleppti henni sem frillu sinni, það gerðist aðeins ef hann fengi leið á henni eða eitthvað saknæmt kæmi upp á heimilinu, en sú von virtist ekki í nærheitum.

Löngun Salle til Suzy var orðin mikil en von hans dvínaði aldrei því hann vissi að jarlinn hafði ávallt fengið leið á frillum sínum og kastað þeim frá sér en Suzy hafði verið óvenju lengi frilla hans. En það undraði hann í sjálfu sér ekki og hann vonað að það kæmi að því fyrir en seinna að hann fengi hana aftur sem frillu.

Skyndilega skall sorgin yfir fjölskylduna á Bláfelli því Port Mackart var látinn að morgni og fluttist yfir á betri framlífsjörðu. Þá kviknað hjá Salle hugmynd, sem gæti kannski flýtt fyrir að hann fengi Suzy aftur sem frillu. Nú yrði hann að finna rétta manninn og það í hvelli. Hann var ekki lengi að finna þann mann sem var undir hans stjórn, sá maður heitir Dungald Perigold og er yngsti sonur Perigold bónda, hann var ekki of hrifinn af að vera skipaður í herinn frá búskapnum, því það er hans áhugamál. Perigold er stór, þrekinn, einstaklega sterkur, hugrakkur, sjálfhælin og sérlega eigingjarn og nokkuð skarpur, en grimmur og hefnigjarn, bráður og fljótur að nota hnefana eða bera vopn að manni því hann hafði tröllatrú á sinni vopnfimi. Dungald er mikið dulur maður og það er erfitt að brjóta niður varnakerfið hans. Þegar Salle vissi að hugur Dungalds stefndi enn í

búskapinn tók Salle fljótlega eftir að hann hafði mikinn áhuga á Suzy og talaði oftlega um það við félagi sína í hernum. Salle sendi þjón sinn til að boða Dungald á sinn fund á skrifstofuna, hann kom stuttu síðar. Salle byrjað að spyrja hvernig honum líkaði í hernum, þá spurði Dungald strax nokkuð hvasst: „Ertu eitthvað óánægður með mína þjónustu?“

„Nei, það er af og frá, en ég vissi að þú varst ekki sérlega kátur þegar þú varst skipaður í herinn, svo mér datt í hug hvort þú hefðir áhuga á því að hefja búskap með verulega fagurri konu og á sérlega gróskumikilli bújörð?“

Dungald leit á hann undrandi og sagði síðan eftir nokkra umhugsun: „Vonandi ertu að tala um Bláfell í Norðurhreppi þar sem Suzy býr, hún var að missa manninn sinn, ég mun vaða í gegnum eld og brennistein til að fá slíka konu í kaupbæti.

„Þá er best að ég tali við greifann því það er hann sem tekur þá ákvörðun, ef keisarinn blandar sér ekki inn í málið.“

Með þessa von gekk Dungald út af skrifstofunni og lokaði á eftir sér. Strax eftir að Dungald hafði lokað dyrunum tók Salle upp símtólið og hringdi í James greifa sem sat inn á skrifstofu sinni og var að leita í skrá að heppilegum bóndasyni í þeim sýslum sem hann réði yfir og stjórnað eftir sínu höfðu, á meðan hann fengi að ráða því. Þá hringdi síminn, hann tók tólið upp og sagði hörkulega: „Spenser greifi, hver hringir?“ Þá sagði Salle: „Þetta er Cartier liðsforingi yfir 11. B-sveitinni.“

„Hvað viltu mér?“

„Fyrir tæpum hálf tíma kom óbreyttur hermaður á minn fund og ástæðan fyrir komu hans var dauði Port Mackart bónda frá Bláfelli í Norðurhreppi. Hann kvaðst hafa mikinn áhuga á fá leyfi til að segja sig úr hernum ef hann fengi að taka við búinu á Bláfelli. Ef þú hefur ekki þegar skipað mann í hans stað tel ég hann vera gott efni til að taka við því býli.“

„Hver er þessi maður sem þú vilt koma frá þér?“

„Hann heitir Dungald Perigold og er bóndasonur.“

„Hvers vegna viltu losna við hann?“

„Perigold hefur reynst mér á þessum níu árum alveg ágætlega sem hermaður, hann er hraustur, dugmikill og laginn, það tel ég vera góða kosti fyrir tilvonandi bónda og eftir hans sögn hefur hann mikinn áhuga á búskap. Hann hefur reynst sérstaklega vel við þau störf sem ég hef skipað hann í. En ókosturinn við Perigold er hve mikill ófriðarseggur hann er og veldur óþarfa úlfúð í liðsheild hersins. Þess vegna er ég alveg til í að afskrifa hann úr hernum, ef þú ert ekki mótsnúinn því.“

„Ég var að leita að áhugasömum manni til að taka að sér búskapinn á Bláfelli, hann er þá fundinn. Ég hef þá samband við Roger Prost, ofursta þinn og hann hringir í þig.“

„Ég þakka fyrir.“ Síðan lagði Carter símtólið á og beið eftir að ofurstinn hringdi.

Skömmu síðar hringdi ofurstinn sem er yfirmaður 11. B-deildar og sagði við hann „Þú átt að leysa Dungald Perigold óbreyttan hermann frá störfum og skipa hann sem bónda og eiginmann Suzy Mackart bónda á Bláfelli í Jökulsársýslu í Norðurhreyppi.“

„Ég mun ganga í þetta verkefni strax.“ Hann lagði tólið á og skipaði undirforingja sínum að senda Dungald á sinn fund og sagði hesthúshirðinum í leiðinni að hafa tvo reiðhesta tilbúna. Dungald kom stuttu síðar inn á skrifstofu Salle. Þegar Salle hafði boðið honum inn eftir að Dungald bankaði á hurðina, sagði hann: „Þetta er frágengið, þú tekur við sveitabýlinu Bláfelli og ert hér með afskráður úr hernum, farðu nú og komdu með þessa tvo reiðskjóta sem hestahirðirinn hefur tilbúna til fararinnar.“

Skömmu síðar riðu þeir af stað að Bláfelli og eftir góða stund komu þeir í hlað. Nokkuð sunnan við húsið var fjölskyldan á Bláfelli taka upp kartöflur þar sem traktor dró kartöfluvélina, Suzy ók dráttarvélinni en Debbi og Frank stóðu á tínsluvélinni og tíndu burtu það sem ekki átti að fara í pokana. Suzy stöðvaði dráttarvélina þegar hún sá þá koma.

Um leið og þau sáu þessa tvo menn nálgast vissu þau öll hvers kyns var. Þau heilsuðu mönnunum og buðu þá velkomna. En bæði Suzy og Debbi rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir komu í nálægð við þær, því að þær sáu og fundu fljótt eigingirnina og villidýrið í þessum manni og vissu einnig að lífið hjá þeim yrð óbærilegt með hann sem maka Suzy. Þeir stigu af baki og heilsuðu þeim, að því loknu kynnti liðsforinginn þau hvert fyrir öðru og sagði síðan: „Hér með skipa ég ykkur að skrifa undir

hjúskaparsamninginn frá keisaranum og þar með verðið þið viðurkennd sem hjón,“ sem þau gerðu, en Suzy var treg í huga. Þegar því var aflokið kvaddi liðsforinginn og reið á brott.

Nú voru liðin þrjú ár frá því að Dungald kom að Bláfelli. Hann tók öll völd á búinu samdægurs, skipaði Suzy og börnum hennar fyrir verkum með harðri hendi og þjónskap, hann barði bæði konu og börn svo þau voru bólgin og marín á líkamanum en passaði sig ávallt á því að slá þau aldrei í andlitið, en því meir barði hann þau á skrokkinn og passaði sig að brjóta engin bein eða gera þau óvinnufær. Hann vissi að ef slíkt henti hann yrði hann sendur í herinn aftur og hafður þar nánast sem þræll. Jarlinn skipti sér ekkert af því þó Suzy væri blá og marinn eftir Dungald, bara að hún gæti þóknast honum.

Áður fyrr, þegar hún bjó með fyrri manni sínum, fór hún alltaf leið heim til jarlsins en eftir að Dungald tók við búi hlakkaði hún til þess að leggjast undir jarlinn þó hún þyrfti að vera hjá honum frá laugardagskveldi til mánudagsmorguns. Hún sóttist eftir að njóta ásta með honum af innlifun þegar hún var hjá honum.

Frank hafði stækkað og þroskast í vel greindan, myndarlegan, þrekmikinn, dökkhærðan pilt. Hann kunni ágætlega að beita almennum vopnum. En Debbi var skarpgreind, ljóshærð og upprennandi fegurðardís, lipur og snögg.

Debbi leyndi fyrir Dungald hversu skynnæm hún var, hún komst í gegnum varnarvegg Dungalds að því leyti að hún gat laumast inn í huga hans þegar hún vildi og gat lesið hugsanir hans að nokkru leyti. En hún var ekki enn það fær að ná þeim árangri að geta lamað krafta hans því þar var varnarveggur hans nær óvinnandi.

Frá því að Debbi var átta ára gömul fór hún einstökum sinnum hamförum og birtist þá einhvers staðar í einhverri sveitinni, borginni eða landinu og einstöku sinnum einhvers staðar í Austurríki við hafið og dvaldist þar um tíma áður en hún birtist aftur heima hjá sér. Hún var hrædd við þetta því hún hafði enga stjórn á þessu. Þá sagði Suzy: „Debbi mín, þú skalt ekki vera hrædd við þennan hæfileika, því við munum þjálf þig í einhvern tíma og ef við sjáum tilætlaðan árangur höldum við áfram að þjálfum þig þar til þú ræður við þetta því það mun koma sér vel fyrir seinni tíman. En ef við sjáum lítinn sem engan árangur, þá loka ég fyrir þennan hæfileika. En haltu þessu ávallt leyndu fyrir öllum utan fjölskyldunnar, því keisarin og keisarans menn mega ekki vita af þessari gáfu þinni, þá

yrði þú tekin frá okkur um leið því það eru ekki margir sem hafa hingað til náð þeim árangri að hafa stjórn á hamförum. Þess vegna er þetta hæfileikafólk eftirsótt.“ Móðir þeirra var sú eina í fjölskyldunni sem kunni að þjálfa og loka fyrir einstaka skynnæmni.

Systkinin eru einstaklega samrýmd og treysta hvort öðru eins og sjálfum sér, þau þrjú hjálpuðu henni að auka þekkingu sína og mátt. Debbi til happs þá náði hún fullri stjórn á sínum hamförum og jafnframt þjálfaðist hún á öðrum tegundum skynnæmni.

Þegar hér er komið sögu hefur Dungald harðbannað fjölskyldunni frá fyrstu tíð að hafa nokkuð samneyti við fjölskylduna á Skarði því hann komst fljótlega að því að konan hans bar ástarhug til Lúkel, og börnin dýrkuðu hann. Þetta þoldi Dungald ekki og taldi sig hafa stöðvað samgang á milli þessara fjölskyldna. En þar flaskaði hann illa því þau náðu öðru hvoru sambandi við Markús á bak við Dugald.

En eina nóttina þegar allir voru sofandi á heimilinu var Debbi vakandi og þá fyrst þorði hún að framkvæma það sem hún hafði lengi hugsað, þó hún treysti Markúsi treysti hún ekki foreldrum hans, sérstaklega ekki föður hans því hann hafði verið starfandi í her keisarans í fimmtíu og tvö ár áður en hann varð bóndi, og þar áður hafði hann verið margfaldur morðingi og illa gerður maður áður en hann fluttist til þessarar jarðar.

Að lokum ákvað hún að spyrja móður sína hvað hún ætti að gera og sagði henni einnig frá hugmynd sinni. Móðir Debbi sagði henni daginn eftir: „Þó fjölskyldan á Skarði séu miklir vinir okkar þá getum við aldrei treyst föður hans fullkomlega undir þessum kringumstæðum, þó hann sé vitrari og betri maður en áður var. En þú getur treyst Lukel, Debbi mín. Mér lýst vel á þessa hugmynd þína og stend með þér, þannig getum við losnað við karlfjandann, en þú skalt birtast að nóttu inn í svefnherbergi Markúsar og þá mun þér vera óhætt.“

Nokkrum nóttum síðar lá Debbi vakandi í þeim eina tilgangi að fara hamförum að Skarði því hún hafði skynjað um daginn að Dungald ætlaði að fara á veiðar þessa nótt. Hún beið eftir að heyra umgang frá honum og litlu síðar heyrði hún þrusk þegar hann gekk út úr hjónaherberginu og fram á ytri gang, litlu síðar lokaðist útihurðin. Þá rauk hún úr rúminu og fram að eldhúsglugganum og sá hann ganga vestur túnið, vopnaðan langboga og örvum, með sjálfskeiðung í slíðri og öxi hangandi sér við hlið. Hún beið þar til hann hvarf inn í skóginn og lagist síðan upp í rúmið sitt. Hún lá grafkyrr góða stund og slakaði

á líkamanum meir og meir þar til hann var orðin svo slakur og þungur að hann þrýstist niður í dýnuna og litlu síðar var hún komin í algera slökun. Þá fann hún sig vera fyrir ofan líkama sinn og hugsaði þá um hvar hún vildi birtast. Eftir örskamma stund þéttist og stækkaði orkuhjúpurinn hennar og um leið og yfir fimmtíu prósent af líkamanum var myndaður á ákvörðunarstaðnum fór hún sálförum, örskömmu síðar leystist sálarlaus líkaminn í loftteindir sínar.

Samhliða því stóð Suzy fullmótuð við rúmgaflinn hjá Markúsi og horfði á hann litla stund. Hún ýtti við honum, hann vaknaði strax og var undrandi að sjá hana, reis síðan upp og settist á rúmgaflinn. Hann ætlaði að segja eitthvað, hún stöðvaði hann með því að setja hendur fyrir varir sínar. Þá benti hann henni að setjast við hlið sér og þrýsti öxlum hennar að sér og kyssti hana á ennið en hann hugsaði í leiðinni um hvernig í ósköpun hefði getað komist hingað inn, þar sem hann vissi að útidyrhurðin var harðlæst, hann hafði kannað það eins og venjulega áður en hann háttaði sig. Hann ákvað að spyrja hana ekki um það en hvíslaði í eyru hennar: „Það er óvænt og gaman að sjá þig vina mín, og ég held að þú hafir eitthvað mikilvægt að segja mér fyrst þú kemur til mín á þessum tíma.“ Hann horfði alvarlega á hana og beið eftir því hvað hún vildi segja honum. Hún sagði honum frá öllum þeim hryllingi sem Dungald hafði boðið þeim. Hann varð sótrauður í framan af reiði, rauk fram úr rúminu og sagði: “Það eina sem ég hef leyfi til að gera það er að skora hann á hólm.“

Þá greip Debbi fram í og sagði: „Þú þarft ekki að gera það, ég hef betri hugmynd. Dungald fer venjulega einu sinni til tvisvar í mánuði á veiðar í skóginum og ávallt eftir miðnætti og þá er hann venjulega komin með einhverja bráð einum til tveimur klukkutímum síðar, síðan gerir hann að skepnunni og hengir skrokkinn upp á nagla inn í geymsluskúrnum.“

„Fjandakornið, ég hefði haldið að hann væri með meiri gáfur en þetta, að hann skuli taka slíka áhættu, því að þeir sem hafa stundað slíkt að staðaldri hafa ávallt náðst á endanum, svo hann liggur vel við höggi því hann verður látin taka þetta út sem fangi í ákveðinn tíma.“

„Já það er einmitt það sem mun gerast því ég heyrði í honum fyrir kannski korteri síðan, þegar hann fór út úr húsi alvopnaður og gekk beinustu leið inn í skóginn.“

„Þá er best að ég fylgist með honum þegar hann kemur aftur með bráð sína og komi þessu síðan rétta boðleið.“

„Það er einmitt það sem ég vil,“ síðan færði hún sig lítið eitt frá honum og sagði: „Þú mátt ekki trufla mig og láttu þér ekki bregða, því ég ræð við það sem gerist, og ég treysti þér til að segja engum frá því sem þú átt eftir að sjá, ekki einu sinn foreldrum þínum, get ég treyst því?“

Hann horfið undrandi á hana, og sá hversu alvarleg og biðjandi hún var, og hætti við að spyrja hana, en sagði: „Ég lofa því af æru og trú, elsku stelpan mín, og ég er verulega forvitin.“

Hún vafði handleggjunum um háls hans og kyssti hann þakklát á kinnina: „Mér þykir svo vænt um þig.“

„Sömuleiðis vina mín.“

Síðan lokaði hún augunum, slakaði á og hugleiddi hvert hún ætlaði að fara, á örskömmum tíma sá hann hvernig líkami hennar leystist upp og hvarf. Í fyrstu trúði hann ekki því sem hann sá, og nuddaði á sér augun en sagði síðan: „Það er engin furða þó hún hafi ekki viljað láta neinn vita um þessa hæfileika sína. Þessi yndislega stúlka er undrabarn, það er alvega sama á hverju Debbi snertir, hún skarar alltaf fram úr jafnöldrum sínum, meðal annars er hún ávallt efst í skólafögunum og ekki síður í vopnfimi. Enginn af skólafélögum hennar sem kemst með tærnar þar sem hún hefur hælana með kórðanum og sverðið, en með höggsverðin er hún tæknilega fimari en hefur ekki kraftinn á móti sterkustu strákunum. Þó að höggsverð unglinga sé þungt þá ná þau ekki sama þyngd og venjulegt bardagasverð.“

Markús Edvard hafði fylgst með þessari fjölskyldu síðust þrjú ár en aðeins utan frá, eins og hann hafði möguleika til. Þess vegna vissi hann að háttsettir menn innan keisaradæmisins höfðu fylgst með henni vegna gáfna hennar og fimi með vopn og það leist honum ekki á, og var kvíðin þeirra vegna þar sem hann vissi að móðir hennar væri örugglega ekki hrifinn að því.

Triton Edvard faðir Markúsar hafði verið einstaklega fær að handleika höggsverð, sverð og kórða hann hafði fundið það út með þrotlausum æfingum að hægt væri að beita

sverðinu með fimmfaldri flækju við andstæðinginn, þá er einfalt að afvopna hann þó um einstaklega færan og vopnfiman mann sé að ræða, á meðan hann hefur ekki kunnáttuna. Að verjast fimmfaldri flækju er ekki þekkt á þessari á jörðu, allir sem handléku sverð kunnu að verjast þrefaldri flækju, en með mismunandi árangri. Triton hafði þjálfað son sinn heimavið í sverðabardaga, bæði með höggsverði og sverði og ekki síður með korða. Hann kenndi syni sínum það vel að hann var ekki síðri en faðir hans, enda var Markús fráneygður, lipur í hreyfingum og sterkur vel. Hann er einn og áttíu á hæð, dökkhærður, skarpleitur, myndalegur, ákveðinn, sviphreinn og gerir það sem gera þarf til að leysa málin og er ávallt mjög einbeittur. Lukel fór eftir ráðum föður síns, þegar hann var í skólanum til sextán ára aldurs, að spila sig mun verri við nemendurna á æfingum í vopnfimi þegar hann var í þjálfun við að handleika sverðin, svo enginn tæki eftir fimi hans, en hann beitt einstöku sinnum þessari tækni þegar kennarinn tók ekki eftir, en tapaði svo viljandi mörgum lotum síðar, hann gerði þetta í þeim tilgangi að sjá betur hversu miklar framfarirnar hjá honum voru. Það var aðeins af einni ástæðu sem hann fylgdi þessu ráði föður síns, hann vildi ekki ganga í herinn.

Þegar Markús hafði klætt sig fór hann inn í eldhús og fékk sér kaffi og meðlæti áður en hann stæði vaktina, síðan teygði hann sig í gsm-símann sem lá á litlu borði við hliðina á rúminu, því hann vissi sem var að allt myndefni úr símanum fór inn á tölvukerfi keisarans. Síðan voru þær skoðaðar af réttum aðilum, áður en viðkomandi fengi þær útprentaðar.

Síðan gekk hann út og útfyrir túnfótinn og faldi sig bak við runna sem var þarna skammt frá. Þar beið hann í rúman klukkutíma en sá svo Dungald koma gangandi út úr skóginum með nokkuð stóran hjartakálf yfir axlirnar. Hann hélt í fæturna með sitt hvoru hendi og hélt áfram austur túnið að geymslunni sem er rétt vestan við íbúðarhúsið, opnar hurðina og gengur þar inn og lokar á eftir sér. Þar ætlar hann greinilega að gera að kálfinum. Markús tók mynd af honum allan tímann.

Markús beið litla stund í rjóðrinu þar til hann taldi að Dungald hefði gengið til verka, þá fyrst reisti hann sig upp og gekk heim, fór bak við húsið og inn í hnakkageymsluna, náði í beisli og hnakk og bar hvort tveggja að hestagirðingunni, lagði hnakkinn utan við hliðið og hélt á beislinu inn fyrir girðinguna. Það dugði yfirleitt að blístra á hestanna, þá komu

þeir en það gerði hann ekki í þetta sinnið. Hann gekk að rauðblesótta reiðhesti sínum, sem var á beit og hesturinn reisti sig við og horfði til Markúsar rétt áður en hann kom til hans. Markús gaf honum brauðbita, klappaði honum, beislaði og teymdi útfyrir hliðið, girti á hann hnakkinn, steig á bak og reið á fallegu tölti til borgarinnar.

Rétt norðan við Keisaraborgina er heljarstórt lokað svæði með hárrí tvöfaldri rafmagnsgirðingu. Þarna er aðalbækistöð hersins og ríkisins en tuttugasta hver sýsla hefur sína herstöð við stærstu borgirnar sem hver jarl hefur umráð yfir. Þegar Lukel kom að efnismiklu járnhliði stóðu þar tveir vopnaðir verðir með lásabogana á lofti. Þegar hann stöðvaði hestinn og var farinn af baki spurði eldri varðmaðurinn Markús: „Á hvaða ferðalagi ert þú á þessum tíma nætur?“

„Ég hef áriðandi upplýsingar um veiðipjófnað sem Dungald Perigold frá Bláfelli í Norðurhreppi í Jökulsársýslu framdi nú í nótt, og ég náði myndum af honum þar sem hann heldur á bráðinni. Það var Debbi Mackart, heimasætan á Bláfelli sem lét mig vita. Hún kom heim til mín í nótt, með samþykki móður sinnar Suzy Mackart ásamt syni. Debbi sagði mér frá að Dungald Perigold stjúpfaðir hennar væri farinn á veiðar í skóginum.“ Hann sagði þeim þetta til að þeir vissu að þau væru ekki meðsek.

„Sýndu mér nafnskírteinið þitt,“ og hann gerði það.

„Hinkraðu augnablik.“ Vörðurinn gekk að lúgunni þar sem Burns Sawyer yfirmaður vaktarinnar sat fyrir innan, sagði honum erindið og rétti honum um leið nafnskírteinið hans. Hann hringdi í Cartier Salle liðsforingja og lét símann hringja þar til hann vaknaði. Með svefnþrökkinni röddu svaraði Salle símanum: „Já?“

„Ég heiti Burns Sawyer, liðsforingi í sveit 11-B og er varðmaður við hlið herstöðvar keisarans, hér fyrir utan hliðið er maður að nafni Lukel Edvard frá Skarði í Norðurhreppi í Jökulsársýslu sem er með upplýsingar um veiðipjófnað, hann segist hafa náð myndum af brotamanni.“

Cartier Salle glaðvaknaði og grunaði strax hverskyns væri og hugsaði: Ef þetta er Dungald, þá er ósk mín að rætast. „Hver er veiðipjófurinn?“

„Hann heitir Dungald Perigold og er bóndi á Bláfelli í Norðurhreppi í Jökulsársýslu, það er næsti bær við Skarð þar sem Edvard býr.“

„Ég veit það, hinkraðu augnablik.“ Salle kveikt á tölvunni, gúglaði inn myndir og leitaði niður listann að nafni Lukel, gúglaði það og þá birtust myndir af Dungald með bráðina. Salle hafði sjaldan verið eins ánægður. Hann prentaði út myndirnar, slökkti síðan á tölvunni, tók upp símtólið og sagði við Burns: „Þakkaðu Edvard fyrir og segðu honum að fara heim.“ Síðan lagðist hann upp í rúmið harla glaður, skömmu síðar sofnaði hann.

Eldsnemma morguninn eftir hringdi Salle í Brophy Camble jarl, jarlinn var nývaknaður þegar hann tók upp símtólið; „Já?“

„Ég er Cartier liðsforingi, ég fékk í nótt upplýsingar frá Lukel Edvard frá Skarði í Norðurhreppi í Jökulsársýslu að Dungald Perigold, bóndi frá Bláfelli í sama hreppi var staðinn að verki við veiðipjófnað og ég er með myndir af honum þar sem hann heldur á hjartarkálfi, komandi frá skóginum á leiðinni heim túnið að Bláfelli að nóttu til.“

„Þá er fjölskyldan öll meðsek.“

„Nei, ekki samkvæmt því sem Edvard segir, hann sagði varðmanninum við hliðið að heimasætan á Bláfelli hefði með leyfi móður sinnar farið í nótt að Skarði og látið Edvard vita af brotinu.“ Carter sagði frá þessu, ekki vegna góðmennsku, aðeins vegna þess að hann var nánast öruggur um að héðan í frá mundi Suzy verða frillan hans þar sem Suzy væri ekki meðsek, það nægði til að jarlinn yrði að afsegja sig frá Suzy vegna afbrota makans.

„Þá verð ég að finna maka handa henni, og það er auðvelt, ég hef samband við Prost yfirmann þinn og ofursta, hann mun hringa í þig.“

Salle beið góða stund áður en Prost hringdi. Salle svaraði og ofurstinn sagði honum nákvæmlega hvernig hann ætti að framkvæma málið. Litlu síðar hringdi Salle í ritara sinn og bað hana að sjá um að Coper Blakeney undirforingi hans sem hafði fyrir skömmu lokið við að þjálfa nýliða, hefði strax samband við sig. Skömmu síðar hringdi Blakeney undirforingi og sagði hver hann væri. „Kallaðu saman fjóra vopnaða menn og skipaðu hestasveininum að hafa sex hesta tilbúna svo fljótt sem auðið er til fararinnar og komdu með þá hingað að skrifstofu minni.“ „Já, herra.“

Skömmu síðar kom Cartier í fullum herklæðum í sínum bláa búning með þríhyrnt höfuðfat og sverð sér við hlið og steig á bak. Síðan reið hópurinn af stað, allir með samskonar vopn sér við hlið, á hægu tölti á áfangastað að Skarði í Norðurhreppi.

Þegar þeir riðu inn að túngarðinum byrjaði hundurinn Lappi að gelta þar til þeir riðu í hlað. En húsmóðirin Sidney, sem var að elda hádegismatinn hafði litið út um eldhúsgluggann og séð þá koma. Hún gekk út fyrir og stóð við dyrnar, tók þar á móti þeim og heilsaði og var meira en lítið hrædd því hún vissi ekki hvað var á döfinni. Salle svaraði ekki kveðjunni en sagði: „Við eru hér á vegum Prost ofursta og þurfum að hafa tal af Lukel.“

Hana langaði að segja þeim að fara til fjandans, fyrst hún gat ekki sagt að hann væri ekki heima, en þorði því að sjálfsgöðu ekki, þess vegna varð hún að segja sannleikan. „Hann er á dráttarvélinni þarna út á túni að slóðadraga, ég skal veifa honum, þá kemur hann.“

Skömmu síðar ók Markús traktornum inn á hlaðið, steig af honum og gekk til þeirra þar sem þeir sátu enn á hestunum. Hann sá hvernig móðir hans nuddaði á sér hendurnar af kvíða. Hann gekk til hennar brosandi, kyssti hana á kinnina og sagði: „Vertu óhrædd, þetta er allt í besta lagi.“ Síðan gekk hann að hesti Salle og spurði: „Hvað viljið þið mér?“

„Farðu og náðu í reiðhestinn þinn, þú átt að koma með okkur og taka við búi á Bláfelli. Seinna í dag flyturðu gripina þína þangað yfir.“

Hjarta hans hoppaði af gleði, hann skælbrosti og sagði einungis: „Ég geri það.“ Hann þurfti ekki að fara langt til að sækja reiðhestinn því hann hafði sett hann inn í hesthúsið yfir nóttina. Hann setti reiðtiginn á hestinn og skömmu síðan riðu þeir í hlað að Bláfelli. Suzy var að elda og leit því út um gluggann, enda vonaðist hún eftir þeim og hjarta hennar hoppað ekki síður af gleði þegar hún sá að Lukel var með þeim, þar sem hún vissi hverju hún átti von á, þessari óvæntu gleði hafði hún ekki búist við. Hún tók á móti þeim úti á hlaði og brosti blítt til Markúsar þegar hann sveiflaði sér af baki og gekk til hennar. Þau sáu ekkert nema hvort annað, hún þrýsti sér fast að honum þegar þau föðmuðust af ástríðu, síðan hvíslaði hann að henni: „Nú hefur ósk okkar ræst, ástin mín.“

„Hættið þessu kossafleinsi og segðu mér hvar Dungald er.“

Þau slitu sig treglega frá hvort öðru og Suzy sneri sér að Salle og sagði: „Hann er á bak við útihúsin að dreifa kúamykju á túnið.“

„Þið tvö farið strax inn í húsið og bíðið eftir okkur.“ Síðan riðu þeir bak við útihúsin. Þegar þangað var komið sáu þeir Dungald sitja á dráttavélinni rétt utan við haughúsið en mykjudreifurinn var inni í húsinu og unglingarnir voru að moka upp í hann. Dungald hvorki sá né heyrði til þeirra því hann horfði aftur fyrir sig og var of upptekinn við að hundskamma þau, og sagði við þau með rosta: „Þið verðið að moka hraðar, þetta gengur ekkert hjá ykkur,“ þó að þau ynnu sitt verk vel.

Þá sagði Frank um leið og þau bæði hættu að moka: „Það eru komnir sex hermenn til sækja þig fyrir veiðipjófnað.“ Þá stökk hann öskuillur út úr dráttarvélinni og ætlaði að berja drenginn en sá um leið hermennina og varð hverft við og spurði sleppjulega: „Hvað er um að vera, Salle?“

„Við erum komnir til að handtaka þig fyrir veiðipjófnað.“

Þá varð hann hræddur, en svaraði strax: „Ég hef aldrei veitt nokkra skepnu í skóginum, hver lýgur slíku upp á mig? Ég skal svo sannarlega taka hann í gegn.“

Þeir stigu allir af baki og Salle sýndi Dungald myndir í símanum af honum með dauðan kálf á yfir axlirnar. Þá hálf lamaðist hann af hræðslu en aðeins augnablik, þá birtist sjálfsbjargarhvötin hjá honum um leið og einn þeirra ætlaði að handjárna hann. Dungald kastaði honum frá sér eins og fisi, þá framkvæmdu allir fjórir það sem Salle var búinn að ákveða fyrirfram að þeir ættu að gera ef hann spyrinti á móti þeim, sem þeir höfðu fastlega búist við. Tveir rifu í sinn hvorn handlegg hans og héldu þeim fast að sér, svo hann gat ekki hrist þá frá sér, þó hann gerði til tilraun til þess. Á því augnabliki sem það tók þriðja hermanninn að grípa hann hálstaki og þann fjórða að kasta sér á fótleggi hans svo Dungald gat engu vörnum beitt og datt aftur fyrir sig, var hann á stuttum tíma handjárnaður.

Þá sagði Salle: „Setjið hann á lausa hestinn sem við höfðum með okkur.“ Síðan teymdi hver sinn hest að íbúðarhúsinu, einn þeirra teymdi einnig hestinn undir Dungald. Þá sagði Salle, þegar þeir komu að dyrunum að íbúðarhúsinu: „Þið bíðið hérna á meðan ég tala við húsfrúna og nýja húsbóndann.“ Síðan ætlaði hann að ganga inn.

Þá hringdi gsm-síminn hjá Salle, hann tók símann upp úr brjóstvasanum og sá að það var jarlinn sem hringdi. Salle stansaði við útidyrnar þegar hann svaraði: „Salle liðsforingi.“

„Salle, þú verður að brjóta manninn niður þarna á staðnum, þú veist hvernig á að gera það.“

„Já, það skal gert.“ Hann slökkti á símanum og sagði Coper liðþjálfanum að leita að kjötskrokknum sem hengi uppi í einhverju útihúsinu og taka mynd af skrokknum. Salle og undirmenn hans fylgdu fanganum inn. Fanginn gekk á undan þeim, rauður í framan af illsku. Þegar þeir gengu inn fyrir innri ganginn sagði Salle við einn hermanninn: „Taktu bakstólinn þarna inn í eldhúsinu og síðan farið þið þrír með fangann og stólinn inn í svefnherbergið og látið fangann setjast við fótgaflinn og bíðið þar.“ En Salle fór inn í stofu þar sem Suzy, börn hennar og Lukel biðu. Þar staðfesti hann giftinguna með því að skrifa undir skjalið, sem hann hafði með sér frá Hríngerði keisara, eftir að þau höfðu samþykkt það munnlega og staðfestu síðan með undirskrift sinni, sem hljóðar á þessa leið:

Ég undirrituð, Hríngerður Bellami keisari, tilkynni hér með að Suzy Perigold frá Bláfelli í Norðurhreppi í Jökulsársýslu og Lukel Edvards frá Skarði í Norðurhreppi í Jökulsársýslu eru hér með orðin hjón við undirritun þessa þríritaða skjals, eftir að Cartier Salle liðsforingi staðfestir það með undirskrift sinni sem viðurkenningu fyrir hjónabandi þeirra. Frá og með þessum undirskriftum ber Suzy Perigold ekki það eftirnafn lengur, þess í stað verður eftirnafn hennar samkvæmt lögum Suzy Edvard.

Frá og með þessum degi eru Lukel Edvard og Suzy Edvard, áður Perigold, orðin hjón og samkvæmt lögum ber Edvard skylda til að vera búinn að flytja allan bústofn sem hann hefur umráð yfir frá Skarði yfir á sveitabýlið Bláfell í eitt hólfið sem er innan girðingar þar sem engin skepna er fyrir, fyrir klukkan þrjú á morgun. Þar með tekur hann við búi með eiginkonu sinni. Samkvæmt lögum ríkisins ber framangreindum nýgiftum hjónum að reka bújörðina Bláfell af ýtrustu samviskusemi og skila sem mestum arði til ríkisins. En á sama tíma eftir kl. þrjú verður einnig allur bústofn sem gengur laus í haga á Bláfelli að vera kominn inn í annað hólfið innan girðingar, þar sem bústofn Edvards á Skarði verður síðar sameinaður bústofni Bláfells, ef fjöldinn

passar við skjalfesta tölu ríkisins, og eftir talningu Vaktara Bellami keisara, sem mun þá tilheyra bújörðinni á Bláfelli í Norðurhreppi frá og með morgundeginum. Tveir aðstoðarmenn Vaktarans mun einnig leita um alla landareign Bláfells til að tryggja að þar leynist ekki eitthvert dýr sem ekki kemur heim og saman við skjalfesta tölu ríkisins.

Ef framangreindar manneskjur vilja ekki undirskrifa þetta skjal eða ef skjalfestar tölur ríkisins passa ekki varðar það við lög ríkisins, þá mun dómur falla yfir framangreindu fólki sem keisari mun dæma þau eftir.

Hríngerður Bellami,

Keisari Vesturríkis

3. KAFLI

Þegar nýgiftu hjónin höfðu skrifað undir skjalið og Salle staðfest hjónabandið með undirskrift sinn, sagði hann með skipandi röddu: „Þið sem hér eru inni, komið með mér inn í svefnherbergið.“ Suzy snéri sér að Debbi og Frank og sagði: „Þið verðið kyrr þar sem þið sitjið.“

Þá sneri Salle sér við og sagði með hasti: „Þið hlýðið mér í einu og öllu og komið með mér inn í svefnherbergið.“ Þá sagði Suzy: „Þeim ber engin skylda til að þurfa að horfa á ósómamann samkvæmt lögum.“ „Þá sagði Salle hvasst og vonskulega við Suzy: „Vogarðu þér að óhlýðnast skipun minni?“ Þá skyndilega skynjaði Salle að það var sagt við hann: „Snúðu þér að Debbi.“

Ósjálfrátt gerði hann það og horfði í augu hennar, augnabliki síðar gat hann ekki hreyft sig, síðan skynjaði hann að Debbi sagði: „Ég get ekki skipað þér að brjóta lög keisarans, því það mun lenda margfalt á fjölskyldu minn. En þú skipar hvorki mér né bróður mínum að fara inn í svefnherbergi, við verð hér kyrr, en ef þú reynir eitthvað meira, þá mun ég sýna undirmönnum þínum hvernig ég tuska þig til.“

Þá losnaði hann skyndilega frá henni og það eina sem hann gerði var að láta sem ekkert hefði gerst og upphóf sjálfan sig með því að reigja sig og segja: „Hvað eru þið að hangsa? Drullið ykkur inn í svefnherbergið og hlýðið skipun minn skilyrðislaust framvegis, en stúlkutetrið og drengurinn verða hérna eftir.“

Suzy og Lukel gengu hönd í hönd á eftir Salle með þeim ásetningi að taka því sem framundan væri með eins mikilli sjáanlegri reisn og þau gætu, en þau voru kvíðin. Í herberginu sat Dungald handjárnaður fyrir aftan bak, rauður og þrúttinn af vonsku og ekki batnaði skap hans þegar hann sá Markús koma inn og leiða Suzy. Þá reis hann snögglega upp og öskraði að Markúsi: „Snautaðu úr mínum húsum, lúsablesinn þinn.“ Þá ruku á Dungald þessir þrír hermenn sem áttu að passa hann og skelltu honum aftur í stólinn. Þá gekk Salle að honum og sagði: „Hér eftir ertu aumur fangi og drullusokkur og ræður ekki

lengur hér húsum,“ og sló hann fastann kinnhest til að þagga niður í honum og hafa hann vel vakandi yfir því sem átti að gerast þarna inni.

Síðan sneri hann sér að Suzy og Markúsi og sagði: „Þið eigið að standa á móti hvort öðru og afklæðast úr hverri spjör.“ Þau berháttuðu sig og stóðu samkvæmt skipun kyrr litla stund. Lukel horfið á konu sína og hugsaði: Mér hefur alltaf fundist þú vera fögur, en nakin ertu undurfögur. Hann fann til verulegrar elsku til konu sinnar og horfði til hennar með innilegri ástúða, en um leið reiður og kvíðinn og fann enga kynferðislega löngun til hennar, því höfnun hans var algjör.

Þá glotti Dungald og sagði: „Ég vissi að þessi mannfjandi væri bölvaður aumingi til allra hluta og hann er náttúrulaus þar að auki.“ En Salle og hermennirnir hlógu. Eftir að hláturinn hafði þagnað sagði Salle glottandi við Suzy: „Þú verður að hjálpa manningum.“

Hún gekk til hans, beygði sig niður og fékk hann upp, síðan lögðust þau til sængur en gátu ekki notið þess. En á meðan Suzy og Lukel voru að njótast átti Dungald fullt í fangi með að láta afbrýðisemina ekki brjóta vörn sína fyrir Salle, því hann fann sterka strama frá honum sem vildu hefta hann. Dungald barðist á móti meðal annars með því krossleggja hendur og fætur til að loka fyrir aðsenda skynjun sem átti að brjóta hann niður. En það komst ekkert annað að en að reyna að bjarga sjálfum sér. En skyndilega missti Dungald alla stjórn á sér, reis upp af stólnum með þrjá fangaverði liggjandi á sér og hristi þá af sér eins og fis og öskraði að Markúsi: „Farðu til andskotans og snautaðu héðan út.“ En lengra komst hann ekki því skyndilega missti hann allan kraft og datt eins og slytti niður í stólinn, hann hafði enga stjórn á líkama sínum.

„Nú förum við,“ sagði Salle og tveir þeirra leiddu Dungald út og annar þeirra skipaði honum að setjast á bak hestinum og einn þeirra teymdi undir honum þegar þeir riðu á brokktölti í átt að fangelsi jarlsins, en þá var Dungald komin úr dáleiðsluástandinu.

Tveir fangaverðir tóku á móti Dungald í fangahúsinu sem er á landareign jarlsins. Dungald var verulega hræddur um hag sinn þegar hann fékk það staðfest, þegar honum var hrint inn í einn klefann, að hann væri í raun fangi. Hann missti strax fótanna og datt niður á steingólfið en um leið sagði fangavörðurinn: „Þarna átt þú að dúsa í einhver ár þar til þú hefur áttað þig á því að betra er að vera trúr keisaranum.“ Hann reisti sig upp og leit með angist og hryllingi á þrjá samfanga sína sem voru þarna fyrir og höfðu risið upp af

dýnum sínum sem lágu á gólfinu. Það var það eina sem var þarna í klefanum fyrir utan salernið. Skömmu eftir að Dungald var færður í þennan átta fermetra klefa kom fangavörðurinn með gamla og mikið notaða, óhreina dýnu og kastaði henni á gólfið við einn vegginn og sagði við Dungald um leið og hann horfði á hann með hvössum augum: „Þetta er þitt pláss og hér eftir dugar ekkert annað en að láta sér allt vel lynda þessi ár sem þú verður fangi hér.“

Þegar fangavörðurinn fór ætlaði hann að nota þann orkustyrk sem hann taldi sig hafa gegn samföngum sínum og einnig með mikilmennsku sinni og frekju, en þá missti hann allan kraft aftur og hann skynjaði rödd sem sagði: „Þetta er jarlinn, ef þú ætlar að vera með eitthvert mikillæti við samfanga þína eða einhvers konar önnur læti munt þú missa nánast allan mátt svo lengi sem ég tel að þurfi.“

Hann stillti sig með herkjum en þá beindist hugur hans til fjölskyldunnar á Bláfelli með innbygðri illsku og hatri, þar sem hann var ekki í vafa um að þetta væri allt þeim að kenna að hann lenti í þessu víti og það hatur hélst á meðan hann bjó á þessum hnetti.

Í þessum sama fangaklefa var Börje Peterson, fyrrverandi vaktari. Hann er fjórtíu og fimm ára gamall, grimmur og eigingjarn. Fyrir tveimur árum var hann fangaður og færður í þetta fangelsi þar sem hann hafði drepið Brophy Camble, liðsforingi í 65. Aherdeild í einvígi, hann hafði fengið fimm ára dóm. Þetta einvígi hófst með þeim hætti að Peterson kom eitt kvöldið, eins og oft áður inn á veitingahúsið Glymjandi og hafi með sér fagra snót sem hann hafði tekið sér nýverið sem frillu. Hann settist við eitt af fáum borðum sem voru laus og hún settist í kjöltu hans. Skömmu síðar var veitingahúsið yfirfullt og það var einnig þröngt á dansgólfinu þar sem fólkið dansaði og hljómsveitin spilaði djassinn með mikilli innlifun og ýmsar aðrar tegundir tónlistar. Þá birtist Cambel í dyrunum en þar sem þröngt var á þingi tók það hann nokkra stund að finna féлага sína, en rétt áður sá hann þessa fögru snót sitja í fangi Peterson. Hann varð strax heillaður af þessu augnayndi og gerði sér lítið fyrir og gekk til þeirra og kippti stúlkunni af honum og sagði: „Héðan í frá er þessi kona frilla mín.“ Síðan leiddi hann konuna til féлага sinna og settist og snótin í kjöltu hans.

Með hatur í huga horfði Peterson á eftir Cambel teyma stúlkuna að borði féлага sinna og á því augnabliki tók Börje þá afdrifaríku ákvörðun að skora Cambel á hólmi. Börje var

sérlega vopnfimur og hafði á síðustu árum sigrað í öllum sínum mörgu einvígum og var því ekki í vafa um sigur, og þá fengi hann líka stúlkuna aftur. Hann stóð upp frá borðinu og gekk til liðsforingjans og kastaði hanska sínum framan í Cambel og sagði um leið: „Ég skora þig á hólm næstkomandi sunnudag klukkan tvö eftir hádegi, fyrir þá ósvífni að hrifsa frilluna úr fangi mínu.“ Cambel hló ásamt félögum sínum og sagði: „Já, ég mun hafa mikla ánægju af því að berja þessa heimsku þína úr huga þér, við mætumst í stóra lundinum í Berkjagarði.“

Einvígisdaginn klukkan tvö mættu þeir í Berkjagarð og hvor um sig hafði með sér tvo einvígisvotta. Þeir beittu kórðum sínum af leikni í góða stund þar til að Cambel féll með stungu í hjartað, og það var stóra óhapp Peterson að liðsforinginn dó og myndaðist ekki aftur á þessari jörðu heldur á öðrum hnetti. Tveim dögum síðar var Börje handtekin og fékk fimm ára dóm.

4. KAFLI

Á föstudegi, fimm vikum eftir að Dungald var færður burt sem fangi, sat heimilisfólkið á Bláfelli við mataborðið þegar þau heyrðu að heimilishundurinn, Jeppi, byrjaði að gelta. Þá litu þau út um gluggann og sáu að maður á jörpum hesti kom ríðandi inn heimdragann á glimrandi skeiðtölti. Markús grunaði strax hvaða erindi þessi maður mundi flytja. Hann leit á konu sína með þýðingamiklu augnaráði, sem hún skyldi, að nú væri sá dagur kominn sem þau bjuggust við. Markús stóð upp frá borðinu og sagði: „Verið þið kyrr hér inni, ég skal tala við manninn, þau horfðu á eftir honum ganga út.

Markús beið fyrir utan dyrnar eftir komumanni og eftir skamma stund reið Blakney undirforingi í hlað með sverð við belti, eins og venja er hjá aðlinum. Hann sagði með fyrirlitningu og skipandi röddu, án þess að heilsa eða stíga af baki: „Ég er hér á vegum Cartier Salle liðsforingja, með þau skilaboð að Suzy Edvard eiginkona þín eigi skilyrðislaust að mæta í heimahús Cartier liðsforingja næsta laugardagskvöld.“

Lukel lék sig kurteisan þó reiðin kraumaði í honum og sagði: „Því miður hefur hún ekki tíma til slíks atlætis með liðsforingja þínum, þó foringi þinn telji það heiður fyrir sig. En við skulum sjá hvað gerist ef hann kemur sjálfur í eigin persónu.“

„Vogarðu þér að neita beiðni Cartier liðsforingja um að kona þín verði frilla hans?“

„Ég er aðeins að biðja þig að skila til liðsforingja þíns að hann skuli koma einn í heimsókn hingað að Bláfelli til að reyna að sækja konu mína, en ég mun verja hana eins og ég er maður til og hef fullt leyfi til þess.“

„Þú hefur ekki vitglóru í hausnum, ef þú ætlar að fara þessa leið. Hann mun tuska þig til og lítillækka þig frammi fyrir konu þinni og börnum, en fyrst þú ert svona heimskur að telja þig vera meiri mann en liðsforingjann þá ætla ég ekki að telja þér hughvarf,“ sagði Blakney um leið og hann reið á brott á þessum fallega hesti og undrandi á þessari ákvörðun og heimsku.

Sunnudaginn skömmu eftir hádegi kom Salle liðsforingi vopnaður korða á fögrum rauðskjóttum hesti á glimrandi brokktölti inn heimdragann að Bláfelli. Eins og venjan var

kom Jeppi, þessi fallegi gulflekkótti hundur með hvíta bringu, hlaupandi á móti komumanni með reiðigelti, hundurinn skynjaði að þessi komumaður var ekki æskilegur inn á þetta heimili. Lukel beið efir komumanni við fjósgaflinn með kórðann í belti. Hann var búinn að ákveða að hólmgangan skyldi fara fram á svæði skammt þar frá. Hann hafði sagt fólkinu sínu að bíða inni því hann vildi ekki láta þau sjá bardagann, en þeim leið ekki vel því þau óttuðust að ekki færi vel fyrir honum. Þau töldu nánast víst að hann kæmi særður og niðurlægður heim og Suzy yrði að fylgja Salle í heimhús hans sem frilla, þó Lukel hefði sagt þeim að þetta mundi fara vel.

Þegar Salle kom ríðandi inn heimdragann og sá Lúkel í fjarlægð beindi hann hestinum í þá átt. Litlu síðar steig hann af baki, leit í kringum sig til að binda hestinn og festi tauminn við staur sem hann sá þar skammt frá. Síðan sagði hann með fyrirlitningu, án þess að heilsa: „Er það hér sem við eigum að berjast?“

„Nei, það er nokkrum metrum norðar.“

En Frank, og Debbi gátu ekki á sér setið, þau stóðu í útidyrnunum og fylgdust með þegar Salle reið norður fyrir fjósið og hvarf sjónum þeirra. Þá læddust þau að fjósinu og gægðust fyrir hornið. Þau sáu að Lukel og Salle gengu samhliða í norðvestur og yrti hvorugur á hinn. Þegar þeir voru sammála um hólmgöngustaðinn drógu þeir kórðana úr slíðrum og horfðu litla stund hvor á annan af mikilli einbeitingu til að yfirbuga andstæðinginn með viljakraftinum, en þegar hvorugum tókst það beindu þeir sverðum sínum hvor að öðrum, tilbúnir að beita þeim.

Þeir byrjuðu að beita kórðum sínum varfærnislega til að kanna færni andstæðingsins, síðan urðu þeir sókndjarfari. Þá varð Lúkel ljóst eftir skamma stund að hann átti alls kostar við hann, en sótti ekki að fullu og leyfði Salle að sækja meira og að halda að hann hefði ráðin í sinni hendi. Eftir skamma stund sótti Salle af fullum krafti og ætlaði að ljúka þessu á skammri stundu og beitti öllum þeim brögðum sem hann kunni. En alltaf varðist Lukel og sagði við Salle brosandi: „Þú verður að gera betur en þetta.“

Þá sótti Salle af enn meiri hörku og beitti allri sinni leikni. En ekkert dugði til og honum stóð ekki á sama. Skyndilega breytti Lukel vörn sinni í sókn og komst inn fyrir vörn Salle með léttum stungum í sitt hvora öxlina. Salle vissi að Lukel hefði getað stungið dýpra í bæði skiptinn og gert út um leikinn. Systkinin æptu af fögnuði í hvert sinn sem Lukel

stakk Salle, þau kunnu það vel til verka í skylmingum að þau hættu að vera hrædd um hann og dáðust að leikni hans og brostu til hvors annars.

Salle varð bæði hræddur og öskuillur en var það skynsamur að láta hvorugt ná tókum á sér. Nú var ekkert um annað að ræða en að róa sig niður og verjast af skynsemi og bíða eftir góðu tækifæri til að gera út um leikinn sem fyrst. Þannig var barist litla stund en alltaf tókst Markúsi að stinga hann lítilsháttar og í öll skiptin gat hann gert út um leikinn því Salle hafði ekki roð við honum. Skyndilega prufaði Markús þrjár flækjur til að afvopna hann en Salle varðist þeirri sókn. Þá beitti hann fimm flækjum og sverðið flaug úr hendi Salle.

Markús beindi sverði sínu að hálsi Salle og sagði: „Nú skaltu snauta þér héðan í burtu og ef þú segir nokkrum manni af minni leikni eða að ég fæ fréttir af því, þá mun ég skora þig á hólmi í návist manna þinna. Ég er ekki viss um að þú viljir að þeir sjái mig niðurlægja þig eins og ég gerði áðan. Og ef einhver af þínum umsjónarmönnum og vökturum sem eru alltaf hér á kreiki gera tilkall til konu minnar um að vera frilla einhvers þeirra þá skora ég þig á hólmi. Er þetta skilið?“

„Já,“ svaraði hann, eldrauður af hatri og átti erfitt með að stilla sig því reiðin kraumaði í honum þegar hann beygði sig eftir sverðinu.

Þá sagði Markús þó hann vissi að það hefði engan tilgang: „Notaðu þetta sverð í heiðarlegri tilgangi framvegis.“ Salle slíðraði sverðið sótbölvandi í huganum og hét sjálfum sér því að ná fram hefndum á þessum mannfjanda. En systkinin hlupu til Markúsar, himinlifandi af stolti og hamingju og föðmuðu hann að sér. Hann svaraði þeim með kossi á ennið og sagði: „Farið inn og segið mömmu ykkar að öllu sé óhætt.“

Fjölskyldan á Bláfelli hafði lifað hamingjusömu lífi, eins og mögulegt var, í þessu auma myrkraríki á þeim tveimur árum sem þau höfðu búið saman því Lukel hafði reynst eiginkonu sinni og börnum einstaklega vel. Og þau unnu samtaka við öll bústörf með meiri áhuga og ánægju enda skilaði búið meiru til keisarans en þegar Dungald réði þar ríkjum.

Þegar systkinin voru að þjálfra sig í vopnaburði heima við eftir vinnu sá Markús fljótlega hversu geysi hæfileikarík Debbi var með sverðið og beinskeytt með boganum og

lásaboganum. Markús tók sig þá til og spurði unglínganna hvort þau vildu að hann þjálfaði þau í vopnaburði eftir vinnu og einnig á sunnudögum. Að sjálfsgöðu þáðu þau boðið. Þannig gengu dagarnir hjá þeim þar til að hálfur mánuður var í að jarðárið gengi í garð, þá kom mikill skuggi yfir þessa fjölskyldu.

Þennan dag kom Brophy Camble jarl í heimsókn því hann var bæði búinn að heyra og sjá í fjarlægð að heimasætan á Bláfelli væri einstaklega fögur stúlka sem yrði fjórtán ára og gjafvaxta eftir rúman mánuð. Og ástæðan fyrir komu Camble þennan sunnudag var að skoða þessa stúlku betur. Hann kom ríðandi eftir heimdraganum og heilsaði þeim við útidyrnar. Heimilisfólkið tók frekar dræmt undir en Suzy bauð honum inn í kaffi og öll settust þau við borðið og fengu sér meðlæti. Fyrst var rætt um dagsins önn en unglíngarnir sátu hljóð og Debbi var bæði hrædd og reið þó hún léti lítið á því bera. Hún viss hver ástæðan var fyrir komu jarlsins og reiðin sauð ekki síður innra með móður hennar, stjúpföður og bróður því að þau vissu einnig ástæðuna fyrir komu hans. Þau leyndu hugarangri sínu því að fátt var til björgunar, jarlinn hafði fullan rétt til hennar ef hann gírnist hana enda sást það augljóslega á því hvernig hann horfði á Debbi.

Að lokum sagði hann þegar hann stóð upp frá borðinu: „Það er ekki ofsögum sagt, Suzy, að þú átt yndisfagra stúlku. Fyrstu helgina eftir að dóttir þín er orðin gjafvaxta kemur þú með hana heim til mín og við kennum henni allar þær kúnstir sem við kunnum í rekkju minni, síðan kemur hún hálfsmánaðalega heim til mín.“ Hann horfði á þau brosandí og sá að Debbi var hálf stjörf og fölnaði upp. Frank átti erfitt með að stilla reiði sína og ætlaði að rjúka upp af stólnum en móðir hans lagði hönd á læri hans og þrýsti á og það kom í veg fyrir að illa færi. Jarlinn brosti breitt þegar hann sá viðbrögð piltsins en Suzy og Lukel gátu varla dulið reiði sína. Jarlinn þurfti að bíða litla stund áður en Suzy svaraði því hún varð að stilla sig og leika sig undirgefna: „Já, það verður gert.“ Með það fór hann.

Þetta gerði útslagið. Hjónin höfðu einstöku sinnum minnst á að stinga af frá öllu og flýja til Norðurríkis en um kvöldið þennan dag eftir vinnu tóku þau loks þá ákvörðun að þau skyldu undirbúa flóttann og fara snemma aðfaranótt laugadags fyrir hina miklu hnattleika sem eru fjórða hvert ár og byrja ávallt á laugardagsmorgni og líkur á sunnudagskvöldi átta dögum síðar.

Litlu síðar sögðu þau foreldrum Markúsar frá henni og þau ákváðu að flýja með þeim og undirbjuggu flóttann saman. Rétt eftir miðnætti aðfaranótt laugardags slepptu karlmennirnir öllum kálfunum yfir til kúnna, á báðum bæjunum, í þeim tilgangi að leyfa þeim að sjúga þær. Á meðan tóku konurnar til tveggja daga matarbirgðir af ýmsu tagi. Þau höfðu engan farangur en höfðu vopnin meðferðis, þar á meðal bæði sverðin við beltið, langbogann, kósakkabogann og örvahulstrið um öxl. Þau lögðu síðan af stað eftir miðnætti á þolnustu reiðhestunum með tvo til reiðar sem þau höfðu valið úr hópnum sem var heimavið og vonuðust eftir að ná þriggja daga forskoti áður en eftirförin hæfist, vegna hnattleikanna.

Þau riðu vestur túnið og hundurinn fylgdi þeim eftir. Þau héldu áfram gegnum skóginn í norðvestur að Jökulsárgljúfrinu og áfram upp Tröllafjallið í vestur, meðfram gljúfrinu upp skógivöxnu fjallshlíðina og áfram góða stund upp fjallið þar til þau komu að mjórri steinbrú sem náttúran hafði skapað. Þess vegna urðu þau að hnýta burðarhrossin aftan í taglið á reiðhestum sínum og teyma síðan hrossin yfir brúna. Síðan héldu þau áfram nokkuð greitt í gegnum gisna skóginn í norður í rúma fjóra kílómetra. Þá komu þau að norðurendanum á Tröllafjalli og þá fíkrúðu sig niður hlíðina að skógarmörkunum og hinkruðu þar augnablik og litu yfir þessar gróskumiklu bújarðir sem teygðu sig nokkuð langt í suður, vestur og norður yfir gresjurnar. Þau voru örlítið hikandi að halda áfram og litu því vandlega yfir bæjarstæðin í gegnum kíkni til að fullvissa sig um að þau sæju enga manneskju á stjái á þessum tíma nætur.

Síðan héldu þau hratt áfram og upp á veginn og riðu hann í norður drjúga stund þar til þau fóru inn djúpan og langan dal sem nefnist Langidalur og liggur í norður. Þau riðu ekki eftir veginum heldur uppi í hlíðinni meðfram skógarjaðrinum með bændabýlin á vinstri hönd þar til þau komu að gili sem nefnist Breiðagil og liggur í vestur. Þau fóru upp hlíðina og áfram í gegnum gilið og niður fjallshlíðina að norðanverðu. Þar áðu þau skamma stund. Síðan héldu þau áfram í norðvestur næstu þrjá daga og riðu eins hratt og hestarnir þoldu og áðu eins sjaldan og mögulegt var og skiptu oft um reiðskjóta. Seint þetta kvöld komu þau að grunnum læk og ákváðu að dvelja þar yfir nóttina og leggja snemma af stað í fyrramálið. Þegar þau voru lögst fyrir einbeitti Debbi huga sínum til að mynda lífhjúp sem hún sendi síðan til baka stystu og sömu leið og þau höfðu farið um til að kanna hvort keisarans menn væru lagðir af stað á eftir þeim.

Þó lífhjúpur Debbi reiki ekki, eins og hann gerir hjá nær öllum sem hafa þessa hæfileika, vegna þess að hún hefur fulla stjórn á honum, er þetta fyrirbæri nefnt lífhjúpareikir því lífeindirnar sem eru í lífsgeislanum sem sálin sendir frá sér, alveg eins og sólin gerir með ljóseindirnar sem eru í ljósgeislanum, eiga aðeins að þéttast saman í einn lífhjúp sem sendir síðan jafnharðan allar þær upplýsingar sem hjúpurinn nemur til Debbi. Þess vegna er ekki réttnefni að nefna þetta fyrirbæri sálfarir fyrir en meira en fimmtíu prósent af líkama hennar hefur myndast á öðrum stað, þá fer sálin yfir í þann líkama en sá sem eftir stendur verður hjúpið eitt og leysist allur upp þegar hamfarir gerist.

Lífhjúpurinn sveif með nokkrum hraða í þá átt sem þau komu frá, samkvæmt vilja Debbi og hún sá í einni sjónhendingu allt umhverfið jafn harðan sem lífhjúpurinn rann þar yfir, en þegar lífhjúpurinn sveif í gegnum skarðið og síðan niður í Langadal sá hún á veginum í miðjum dalnum hóp hermanna sem riðu norður Langadal í einni röð með þrjá til reiðar á hraðtölti og hana hryllti við þegar hún sá hver var með þeim. Þá slitnaði sambandið snögglega og um leið var eins og hún fengi högg fyrir brjóstið. Hún kallaði á móður sína og sagði lítið eitt ódamála: „Þeir eru komnir í Langadal með þrjá til reiðar og helvítið hann Dungald er laus úr fangelsinu því hann er einn af þeim sem elta okkur.“

5. KAFLI

Vaktarinn Torkel Gornack hafði það starf að vakta og fylgja gaumgæfilega með starfsemi bænda á ákveðnum fjölda bæja á tveggja til þriggja daga fresti allt árið um kring að sunnudögum undanteknum, en hann veit aldrei fyrir en að morgni daginn eftir í hvaða hrepp í Jökulsársýslu hann á að vakta, um þá hlið sér m.e.a. Coper Blakeney undirforingi Carter Salle.

Allir sem vettlingi geta valdið og þeir sem geta farið frá störfum sínum án þess að skerða innkomuna til keisarans höfðu leifi til að mæta á leikana sem áhorfendur einhverjar stundir hvern dag á meðan hnattleikarnir standa yfir og Torkel var að sjálfsögðu einn af þeim. Samkvæmt venju ætti hann að mæta þennan dag að morgni til eftirlits í Norðurhreppi, en vegna leikanna þá dró hann það til miðaftan. Hann fór út af leikvanginum og inn í hestagirðinguna sem var þarna rétt fyrir utan leikvanginn og náði í hestinn sinn, setti á hann reiðtiginn reið síðan af stað á brokktölti beinustu leið að Norðurhreppi að fyrsta bóndabýlinu sem hann á að vakta þennan daginn.

Þegar Torkel hafði kannað aðstæður á þeim sveitabæjum sem honum bar að gera að tveimur bæjum undanteknum, þar var allt eins og best var á kosið undir þessum kringumstæðum. En þegar hann kom að næst síðasta sveitabýlinu Skarði þá varð honum meir en lítið hvert við þegar hann sá að það var enginn umhirða á skepnunum, hann vissi þá samstundis að heimilisfólkið var strokið á flóttu því að kálfarnir höfðu greinilega verið reknir inn í hólfið hjá kúnum, og þá var hann nánast viss um að sama ástand muni vera á Bláfelli því hann viss að þessar tvær fjölskyldur voru svo nátengdar. Enda kom það líka á daginn að þar var nákvæmlega sömu vandræða ástandið þegar hann reið á hröðu tölti inn heimdragann að Bláfelli. Torkel tók upp símann þarna á staðnum og hringdi í Brophy Camble jarl.

Þegar gsm-sími hringdi hjá jarlinum þar sem hann sat í stúkunni við hlið keisarans þar sem hann sat í hásæti sínu og var að horfa á kappana tuttugu þar sem þeir dreifðu sér um völlinn þar sem hver einstaklingurinn barðist við andstæðing sinn og beittu höggsvörðum

og skyldum hver á annan af mikilli leikni og geysilegri hörku því sá sem tapaði var úr leik. Brophy jarl stóð upp úr sæti sínu og færði sig niður í einkatröppur keisarans sem lágu niður í einkasetustofuna sem er undir stúkunni. Cambel vissi og fleiri sem voru þarna viðstaddir í stúkunni, að það var enginn sem vogaði sér að trufla hann eða nokkurn annan yfirmann undir slíkum eða svipuðum kringumstæðum nema að það sé einstaklega áriðandi“ hver er að trufla mig frá leikjunum.“

„Ég heiti Torkel Cornack og er einn af Vökturum í Jökulsársýslu og er nú að vakta minn hlut í Norðurhreppi, ég hef mjög slæmar og áriðandi fréttir þaðan, þegar ég kom núna rétt í þessu að Skarði og síðan að Bláfelli í Norðurhreppi þá var enginn mannvera til staðar á þessum tveimur bóndabýlum og kálfarnir hafa verið hleypt inn í sama hól og kýrnar bæði á Skarði og Bláfelli og bæði hliðin að þessum hólum eru opin, svo það er greinilegt að báðar fjölskyldurnar hafa flúið héðan í burt, kannski til skóga eða eru á leiðinni til Norðurríkis.“

Þá bölvandi jarlinn í hljóði og hugsaði“ þessu bjóst ég aldrei við af þessari fjölskyldu að þau tækju slíka áhættu fyrir það lítilræði sem ég fór framá þegar ég kom að Bláfelli síðast, þar sem þau hafa greinilega hingað til lifað af heilum hug fyrir störf sín sem sérlega góðir bændur,“ og síðan sagði hann við Torkel“ þú ert laus allra mála,“ síðan lauk jarlinn símtalinu. En Torkel reið ánægður til baka í átt að íþróttavellinum.

En Camble jarl hringdi í Salle liðsforingja sem sat töluvert fyrir ofan stúkuna ásamt nokkrum mönnum sínum þar á meðal var Dungald Perigold og Roger Peterson þar sem þeir losnuðu báðir úr fangelsinu fyrir sex mánuðum. Þeir voru strax skráðir í herinn sem óbreyttir undir stjórn Salle liðsforingja og báðir komu þaðan undirgefnir og traustir keisaranum.

Þegar Salle svaraði í símann þá sagði Cambel jarl við hann“ veldu tíu af þeim mönnum sem sem sitja þarna skammt frá þér og ríðið þið í einum hvellinum að þeirri hestagirðingu sem tilheyrir jarlsetrinu þar sem sérþjálfaðir, þolnustu og þrautseigustu hrossin eru og veldu tuttugu hross, ég mun hringja í þig aftur eftir litla stund,“ síðan lauk jarlinn símtalinu. Síðan settist hann í sætið sitt aftur við hægri hlið keisarans og sagði henni tíðindin. Þá snéri Hríngerður sér að Arya Smallwood, hann hefur stjórn á hamförum, og sagði við hann“ farðu niður í setustofu mína og finndu flóttafólkið,“ Smallwood stóð

strax upp fór niður í setustofu, og einbeitti sér að þessu máli. Kom skömmu síðar og sagði við Hrímgæði“ ég fann flóttafólkið og sá að þau eru með tvo til reiðar, engan farangur, en vel vopnuð og ég tel að þau hafi eindags forskot.“ Þá sagði keisarinn við jarlinn“ en við eigum góða möguleika að ná flóttafólkinu, en þá mega menn þínir engan tíma missa“

Þá stóð jarlinn aftur upp af stólnum og fór niður í stigaganginn, og hringdi aftur í Salle liðsforingja og skipaði honum að fara með þessa tíu manna lið með tvo til reiðar á eftir flóttafólkinu og sagði honum að fara styðstu leiðina í átt að Norðurríkinu því þangað er flóttafólkið að fara.

6. KAFLI

Eldsnemma morguns vaknaði flóttafólkið og lauk við síðustu leifarnar af bráð sinni sem Markús veiddi kvöldið áður. Þau riðu síðan af stað yfir lækinn og áfram í tæpan hálfan mánuð þar til þau komu að stóru og miklu fljóti. Þar áðu þau um tíma og riðu síðan áfram í stutta stund. Þá birtust úlfarnir. Þeir voru aðsópsmiklir svo þau urðu að hægja á hestunum til að geta beit bogunum og urðu að skjóta á nokkra þeirra sem sóttu mest að þeim. Þá fyrst héldu úlfarnir sig í hæfilegri fjarlægð en fylgdi þeim eftir rúma tvo daga svo þau urðu að hafa vaktaskipti og kveikja nokkra elda til varnar þeim þegar þau náttuðu.

Næstu tvær vikurnar riðu þau í norðvestur yfir fjöll, gegnum dali, framhá stórum keldum og hverum og yfir nokkrar gresjur. Að öðru leiti var svæðið skógivaxið og þau veiddu ýmis konar fiska úr ám og lækjum sem þau suðu og margar tegundir grasbíta sem þau steiktu sér til matar, en aldrei stærri dýr. Þetta dugði þeim í nokkra daga.

Að lokum, rétt fyrir hádegi eftir einn mánuð, riðu þau inn á skóglaust svæði meðfram fjallavirkinu í suðvestur, með öllum sínum mörgu og löngu hjöllum sem dreifðust upp með fjallinu ásamt klettadröngunum og grjóthnullungunum sem sáust þarna víða. En flóttafólkið vissi að það var stutt að leiðarlokun ef þau hefðu ekkert í bakhöndinni því eftirreiðarmenn voru rétt á eftir þeim. Í nokkurri fjarlægð sáu þau Glitafoss og virkið í Glitaskarði en það gaf þeim ekki mikla lífsvon. Nokkru síðar riðu eftirreiðamennirnir út úr skóginum. Þeir æptu allir í kór af fögnuði þegar þeir sáu til þeirra og hleyptu á hraðskeið og bjuggust við að ná þeim eftir skamma stund. Dungald Perigold var þar fremstur í flokki og hann skælbrosti af ánægju og af innbyrgðu hatri og hefnigirni til þeirra fyrir það sem honum fannst þau hafa gert sér. Þeir nálgudust óðfluga því hestar þeirra voru í mun betri þjálfun og þólnari og voru því þrautseigir þó þreyttir væru og hefðu farið hratt yfir þessar vikur.

Flóttafólkið sá að við svo búið yrðu þau að koma með einhver ráð þeim til hjálpar og feðgarnir voru að leita eftir heppilegustu dröngunum eða grjóthnullungum sem mundu

verja þau bæði að framan og að baki. Skyndilega sá Markús gott varnarvirki, hann sveigði hestinum upp hlíðina að neðsta hjallanum að fyrirhuguðu klettavirki og hin komu á eftir. Þau riðu inn á milli dranganna og fóru af baki og höfðu sveigbogana tilbúna til notkunar. En Salle var skynsamari en það að falla í þessa gryfju og stöðvaði hestanna örugglega í góðri fjarlægð frá bogaskotum þeirra. Hann hafði einmitt búist við þessum viðbrögðum hjá þeim og þótti þau ill því Salle sá það í sínum kík að það var fylgst með þeim úr virkinu í Glitaskarði og bjóst jafnframt við að þeir mundu koma flóttafólkinu til hjálpar. Hann varð því að hafa augun opin og vera tilbúinn að láta sig og menn sína hverfa tímalega ef hann sæi einhverja hreyfingu og virkismenn stefna til þeirra.

Salle sá enga þýðingu í því að vera í skotbardaga við flóttafólkið og sagði við menn sína: „Við sveltum þau heldur til uppgjafar, ef við höfum þá frið til þess,“ og leit um leið í átt að Norðurvirkinu. Síðan settust þeir niður og kveiktu eld og snæddu kjöt af birgðum sínum og það gerði flóttafólkið einnig, þau áttu tveggja daga byrgðir. Þegar þau höfðu lokið við að eta stóð Markús upp, teygði sig í kíkinn og beindi honum að virkinu. Hann sá að ofurstinn var að horfa yfir til þeirra og sagði þá við Debbi: „Getur þú kannað hvað ofurstinn er að hugsa þarna fyrir handan?“

„Ég skal athuga það.“ Hún slakaði á líkama sínum þar sem hún sat og einbeitti huganum að ofurstanum og náði eftir skamma stund sambandi við hann og sagði: „Hann heldur að þetta sé gildra og að það sé heill her í skóginum, hann er í þessu að biðja liðsforingja sinn að ná í huglesarann.“

Stan Larpere, tveggja stjarna ofursti beið með kíkinn á lofti og fylgdist bæði með flóttafólkinu og hermönnunum og leit einnig til skógar hugsandi, á meðan hann beið eftir Antoníus Kleiþenes huglesara sem kom litlu síðar: „Hvað viltu mér herra?“ Stan rétti honum kíkinn og sagði um leið: „Ég vil vita hvað þetta fólk sem er uppi í hlíðinni er að hugsa.“

Antoníus tók á móti kíkinn og leit yfir hópinn, skoðaði þau vel og valdi stelpuna, settist niður og einbeitti huganum að Debbi en hún hafði vitað hvað hann var að gera. Þau náðu sambandi við hvort annað og hún sagði honum alla málavexti.

Tveimur klukkutímum síðar sáu þau öll að hópur hermanna, mun fleiri en eftirleitarmenn voru, kom ríðandi niður hlíðina og sundreið yfir ána á hestum sínum. Þá voru Salle og

hans menn komnir á bak og riðu á stökki austur með fjallavirkinu og létu sig hverfa inn í skóginn nokkru áður en norðurríkjahermennirnir voru komnir hálf leiðina til flóttafólksins.

Þegar eftirleitarmennirnir létu sig hverfa inn í skóginn sagði Markús: „Nú er okkur óhætt og við skulum fara á bak hestunum og ríða á hægu tölti á móti þeim.“ Þau mættu norðurríkjahernum skömmu síðar. Hermennirnir umkringdu þau og undirforinginn sagði þeim að fylgja þeim eftir. Í um þrjú hundruð metra fjarlægð blasti við þeim þessi fagri og fallháa Gilsárfoss sem þau höfðu bæði séð og heyrt í fjarlægð nokkru áður. Þau sáu vatnið falla með þungum og miklum drunum niður í hylinn og renna í norður og sveigja síðan í austur nokkru neðar og áfram í ýmsum bugðum. Og á sama tíma sáu þau litla virkið blasa við þeim í dalsmynninu að vestanverðu við fljótið en þar voru hermenn á vakt sem horfðu yfir til þeirra. Þau sundriðu fljótið en þegar þau komu að dalsmynninu riðu þau á gönguhraða upp gilið eftir einstiginu. Þegar upp í gilið var komið beið liðsforingi eftir þeim, nánast við gilbarminn. Hann sagði við þau með skipandi röddu: „Farið af baki og réttið mér skilríkin ykkar.“ Þau gerðu hvort tveggja en hermennirnir sem fylgdu þeim riðu áfram og inn fyrir virkisvegginn. Liðsforinginn leit á skilríkin, tók upp gsm-símamann og hringdi í virkisstjóra Norðurvirkisins og tilkynnti honum hvefna manna þetta flóttafólk var. Síðan hlustaði hann örlitla stund og sagði síðan við þau: „Þið megið halda áfram.“ Þau stigu á bak og riðu á hægu tölti norður gilið meðfram gljúfrinu í góða stund.

Nokkru síðar nálgðuðust þau dalsmynnið að sunnanverðu. Þá sáu þau í fjarlægð Suðurvirkið. Virkisveggurinn sem blasti við þeim var tveggja metra þykkur og rúmí fjórir metrar á hæð og fallbyssuop blasti við þeim. Þegar þau voru komin nær sáu þau að virkið náði nokkuð upp hlíðina og búið var að höggva öll tré þar í vestur og þá blöstu við þeim enn fleiri fallbyssuop.

Þegar þau komu að opnu virkishlíðinu biðu þar tveir verðir í einkennisbúningum. Verðirnir hleyptu þeim inn í virkið og þar fóru þau af baki og einn vörðurinn gekk með þeim að einu af nokkrum húsum sem var þar innan veggja. Hann bankaði á hurðina og opnaði hana þegar þeim var boðið inn. Þar inni var Owen Sjöstreng ofursti, sitjandi fyrir innan skrifborð og ritari hans sat við annað borð fyrir framan við tölvu og prentara. Ofurstinn bauð þeim sæti og síðan voru þau yfirheyrð mjög ítarlega, þó að hann teldi

ólíklegt að njósningar kæmu með börn sín með sér í svona áhættusömu iðju. Þegar hann var búinn að fullvissa sig um að þau væru ekki njósningar tók hann upp tólið og hringdi eitt símtal. Skömmu síðar kom hermaður sem átti að fylgja þeim að höllinni og síðan var þeim skipað að fara. Þegar þau nálgudust borgina sáu þau að hún var nokkuð stór umfangs og staðsett norðan við Litlahaf. Þau héldu síðan áfram og riðu gegnum borgina þar til þau nálgudust vatnið, þá blasti við þeim fögur höll innan völdugra virkisveggjanna en norðan við höllina var geysistór og fagur garður með gosbrunnum og fögrum styttum sem sátu hlið við hlið í hásetum og horfðu suður yfir Litlahafið. Þetta voru stytur af systkinum Mariana Turkey drottningu og Markúsi Turkey konungi, stofnendum Norðurríkis, þau voru bæði dáinn.

Flóttafólkið ásamt hermanninginum kom að virkishliðinu opnu og riðu inn fyrir og framhjá tveimur vörðum án þess að vera stöðvuð, síðan áfram að höllinni. Þar tók á móti þeim einn undirföngingur sem sagði þeim að fara af baki, hestavörslumaður tók við hestunum en fylgdarmenn þeirra snéru til baka. Undirföngingurinn sagði flóttafólkinu að koma með sér. Þau gengu inn í höllina eftir löngum gangi og inn í biðstofu, þar var þeim sagt að setjast og bíða utan við hurðina að konungssalnum. Þar stóð vörður sem hleypti undirföngingjannum inn. Eftir nokkra bið kom undirföngingurinn og sagði konung vilja taka á móti þeim núna, síðan hvarf hann á braut. Þau gengu inn í þennan stóra sal og við endann á salnum sátu konungshjónin í sitt hvoru hásetinu.

Þegar þau komu að upphækkuðum pallinum sáu þau tignarleg hjón, bæði nokkuð myndaleg. Konungurinn var Bradley Turkey, sem er sonur Mariana Turkey drottningar og eiginmanns hennar. Konungurinn var greinilega skapfestumaður, hann hélt á skýrslunni sem hann var búin að lesa en Gandi Turkey, drottning, sem er valdalaus nema yfir hirðinni, sat hljóð á meðan konungur spurðu flóttafólkið ýmissa spurninga, meðal annars um hvers vegna þau hefðu yfirgefið Vesturríkið og hvað þau vildu taka sér fyrir hendur í nýja landinu. Þau svöruðu öllum spurningum hans eftir sinni bestu samvisku og vitund. Þá sagði konungurinn við þau: „Við aðstoðum allt flóttafólk sem við treystum til að koma undir sig fótunum með því að afhenda þeim öll þau tól og tæki sem þau þarfnast og það fáði þið einnig og greiðið eftir ákveðin árafjölda. En ef menn standa ekki í skilum við mig samkvæmt samningi vegna leti eða ómennsku verða menn að gjalda fyrir það með langri fangavist og vinna sem þrælur þar til skuldin er greidd og síðan verða sendir í

herinn sem óbreyttir hermenn um óákveðin tíma.“ Síðan bætti hann við: „Við sköfnum ekki dýrahald, það verðið þið að sækja inn á gresjunar, þar eru tilvonandi húsdýr sem ykkur vantar en það er mjög langt að sækja þau.“

Viku síðar fengu þau tvær dráttarvélar og tvær kerrur sem búið var að hlaða af öllum þeim tólum og fylgihlutum sem þau nauðsynlega þörfuðust til uppbyggingar og búskapar. Síðar fengu þau fylgdarmann sem vísaði þeim á hvar þau gætu valið sér land. Markús og Frank óku dráttarvélunum vestur eftir veginum og með hesta þeirra bundna aftan í vagnanna en leiðsögumaðurinn lét hestinn tölta á undan og fjölskyldan fylgdi á eftir þeim á hestunum. Þau fóru í gegnum héruð, framhjá skógarsvæðum og fyrir fjöll þar til þau komu að breiðri en lygnri á sem nefnist Skógará, hún rennur í norður meðfram Fjallavirkinu og síðan langt í vestur og fyrir sama fjall í norður og síðan áfram þar til hún fellur í vatn langt í norðri.

Þau fóru yfir brúna og áfram vestur veginn á milli tveggja jarða og beygðu síðan í norður og héldu áfram nokkra kílómetra til viðbótar þar til þau voru komin á áfangastað. Þar merktu þau sér tvær jarðir við ána, hver jörð um sig var rúmir þúsund hektarar. Síðan tjölduðu þau og lögðust til svefns. Daginn eftir byrjuðu þau að ryðja jarðvegin og setja niður ýmsar tegundir af fræjum og kartöflum. Að því loknu feldu þau nægilega mörg tré úr skóginum sem var skammt undan og síðan reistu þau sér hús til bráðabirgða sem þau notuðu síðar sem geymslu áður en þau byggðu tvílyft íbúðarhúsin og útihúsin og sameinuðu jarðirnar tvær. Eftir að hafa lokið við bráðabirgða húsið sóttu feðgarnir út á villtu gresjuna þann fjölda af kúm sem þeir töldu sig þarfnast en það tók þá á fjórðu viku að finna þær. Síða völdu þeir úr hópnum júgurstærstu kýrnar og þann fjölda sem þeir töldu sig þarfnast í það sinnið og ráku þær í nýju heimhagana. Þegar heim var komið fóru þeir aðra ferð eftir hrossum, svo mörgum sem þeir töldu sig þurfa en mikill meirihluti þeirra voru hryssur en það tók mun styttri tíma en fyrri ferðin. Skömmu eftir heimkomuna fóru þeir þriðju ferðina til að leita að kindum og smala þeim heim. Búskapurinn gekk síðan samkvæmt vonum.